# FRÉTTABLAÐIÐ

207. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 6. SEPTEMBER 2019





Börnin á Laufásborg í Reykjavík fengu dýrindis saltfisk í matinn í hádeginu í gær, eldaðan af ítölskum landsliðskokki í tilefni af svokallaðri saltfiskviku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Nýs ráðherra bíða krefjandi verkefni

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir tekur við dómsmálunum í dag. Aðkallandi verkefni bíða.**

**STJÓRNMÁL** Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir verður skipaður dómsmálaráðherra á ríkisráðsfundi klukkan fjögur í dag. Áslaug hefur gegnt stöðu formanns utanríkismálanefndar, en fastlega er gert ráð fyrir að Sigríður Á. Andersen taki við nefndinni. „Ég er þakklát fyrir traustið sem mér er sýnt,“ segir Áslaug. „Ég er að stíga inn í ákveðna ríkisstjórn sem starfar eftir sáttmála, en fer inn í ráðuneytið full tilhlökkunar og af auðmýkt gagnvart þeim stóru verkefnum sem fram undan eru.“

Samkvæmt reglum Sjálfstæðisflokksins þarf Áslaug að segja sig frá stöðu sinni sem ritari flokksins þegar hún verður ráðherra. Flokksráðsfundur fer fram 14. september þar sem arftaki Áslaugar verður kosinn. Nefnd hafa verið til sögunnar í embætti ritara borgarfulltrúarnir Eyþór Arnalds og Hildur Björnsdóttir og Áslaug Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar í Garðabæ, auk Kristjáns Þórs Magnússonar, sveitarstjóra Norðurþings.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, varaformaður flokksins, hefur setið í stóli dómsmálaráðherra síðan Sigríður Á. Andersen steig til hliðar vegna dóms Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) um að skipan dómara við Landsrétt bryti gegn ákvæðum Mannréttindasáttmálans. Ákvörðun um hvort taka skuli Landsréttarmálið fyrir í efri deild MDE verður kynnt á þriðjudag.

- Næstyngsti ráðherra sögunnar
- Fædd 30. nóvember 1990 og lögfræðingur að mennt
- Hefur setið á þingi síðan 2016
- Hefur gegnt formennsku tveggja þingnefnda
- Ritari Sjálfstæðisflokksins til fjögurra ára



Áslaugar bíða aðkallandi verkefni. Verði dómur MDE tekinn til skoðunar hjá efri deildinni má búast við að dómstólasýslan ítreki ákall sitt um tímabundna fjölgun dómara við Landsrétt til að takast megi á við tafir á meðferð mála.

Synji MDE hins vegar beiðninni liggur endanleg niðurstaða fyrir og þá þarf ráðherra að finna lausn á málum þeirra fjögurra dómara við réttinn sem dómurinn tekur til.

Þá kemur í hlut Áslaugar að skipa í stöðu dómara við Hæstarétt sem losnar í haust. **– ósk, aá**

## Borgarfulltrúar hækka í launum

**REYKJAVÍK** Dæmi eru um að laun borgarfulltrúa í Reykjavík hafi hækkað um rúmlega 20 prósent á sjö mánaða tímabili vegna hrókeringa á embættum innan stjórnkerfisins og þóknana vegna reglu um að seta í þremur fastanefndum veiti rétt á 200 þúsund króna álagsgreiðslu á mánuði.

Borgarfulltrúar fá grunnlaun sem breytast í takt við launavísitölu. Í dag eru grunnlaunin 762.995 krónur. Álagsgreiðslur, 25 prósent, bætast ofan á launin, fyrir formennsku í nefndum, formennsku í borgarstjórnarflokki og svokallað þriggja nefnda álag.

**– bþ** / sjá síðu 4

## Laugardalsvöllur ári á eftir áætlun

**FÓTBOLTI** Á morgun leikur íslenska liðið í undankeppni EM við Moldóvu á um sextíu ára gömlum úr sér gengnum Laugardalsvelli. Nýr Laugardalsvöllur hefur verið í deiglunni lengi. Gert var ráð fyrir að nýr völlur yrði tilbúinn árið 2021 en sé tímalína verkefnisins skoðuð, sem kynnt var í borgarráði, má sjá að það er ári, hið minnsta, á eftir áætlun.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, segir þó að nú sé góður gangur í störfum félagsins. „Það er fundað vikulega og góður gangur í félaginu. Ég er ánægður með það því það hafði dregist að hefja þessa vinnu.“



Guðni Bergsson.

**– bb** / sjá síðu 14







## Veður




Suðaustan 3-10 m/s og rigning S- og V-lands, en hægari og úrkomulítið NA-til. Vestlæg átt 3-8 á morgun og skúrir um mest allt land. Hiti 7 til 13 stig yfir daginn.

SJÁ SÍÐU 20

# Nýnasistar á Lækjartorgi




Meðlimir Norrænu mótstöðuhreyfingarinnar, Norðurvígi, komu saman á Lækjartorgi í dag með það að markmiði að safna nýliðum og vekja Íslendinga til umhugsunar. Hreyfingin starfar eftir hugmyndafræði þjóðernisfélagshyggju og hvetur Íslendinga til þess að finna á ný víkingablóðið í æðum sínum. Lögreglan hafði afskipti af hópnum og einn var handtekinn þegar hann neitaði að segja til nafns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Baldvin Z með nýja glæpaseríu

**MENNING** Baldvin Z leikstýrir nýrri glæpaseríu sem mun heita Svörtu sandar. Stöð 2 og framleiðslufyrirtækið Glassriver undirrituðu samning um framleiðslu hennar og gamanseríunnar Magaluf.

Baldvin segir að stefnt sé að því að serían verði sýnd í lok árs 2021. „Þetta verður eins mikill krimmi og hægt er.“ Hugmyndin kom frá Ragnari Jónssyni en Aldís Hamilton og Andri Óttarsson koma einnig að skrifunum. Baldvin segir að grunnurinn að sögunni sé þegar til en nú sé unnið að útfærslum á handritinu.

> Vegna hans er innsýn okkar inn í þennan heim algjörlega einstök. Við stillum þessu upp á mjög raunsæjan hátt.
>
> Baldvin Z



„Ragnar er rannsóknarlögreglumaður og blóðferlafræðingur, einn af okkar fremstu á Íslandi,“ segir Baldvin. „Vegna hans er innsýn okkar inn í þennan heim einstök. Við stillum þessu upp á mjög raunsæjan hátt.“

Svörtu sandar fjallar um unga lögreglukonu sem rannsakar dauðsfall ferðamanns. Baldvin segir að þegar sé búið að ræða um aðalleikara en gefur ekkert upp.

Baldvin er þekktastur fyrir kvikmyndirnar Lof mér að falla frá árinu 2018 og Vonarstræti frá 2014.

Magaluf er gamanþáttaröð í leikstjórn Magnúsar Leifssonar og gerist árið 1979. Í aðalhlutverki verður Steindi Jr. sem leikur plötusnúð á skemmtistaðnum Hollywood sem gerist fararstjóri í Spánarferð til að endurheimta æskuástina. Ragnar Bragason skrifaði handritið ásamt Magnúsi og Snjólaugu Lúðvíksdóttur. **– khg**



**Búast má við rigningu á öllu landinu í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Skúrum spáð víða um land

**VEÐUR** Vestlægri átt með 3-8 metrum á sekúndu og rigningu eða skúrum er spáð um mest allt land í dag. Hiti verður á bilinu 7-13 stig.

Á morgun bætir í úrkomu um landið sunnan- og vestanvert en minna verður um vætu á Norðurog Austurlandi.

Á öllu landinu má búast við að létta muni til þegar líður á kvöldið.

Hlýjast verður norðanlands á morgun og má þar búast við allt að 18 stiga hita.

Hitastig á landinu öllu verður á bilinu 10-18 stig. **– bdj**

# Ferðuðust hringinn á rafmagni einu saman

**Svanhildur Hólm Valsdóttir og eiginmaður hennar keyrðu hringinn í kringum landið á rafmagnsbíl. Hún segir vel hægt að ferðast langar vegalengdir á rafmagnsbíl sem er bæði ódýrari og umhverfisvænni kostur en bensínbíllinn.**

**SAMFÉLAG** „Við vorum á leiðinni í brúðkaup hjá vinum okkar á Seyðisfirði og ákváðum um leið og við fengum boð í brúðkaupið að gera úr því gott ferðalag og keyra á staðinn,“ segir Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðstoðarmaður fjármálaráðherra.

Hún keyrði ásamt eiginmanni sínum, Loga Bergmanni Eiðssyni, hringinn í kringum landið á rafmagnsbíl um síðastliðna helgi. „Okkur finnst rosalega gaman að keyra saman og ætluðum að keyra þetta á bensínbíl því rafmagnsbíllinn sem við áttum var ekki með mjög mikið drægi,“ segir Svanhildur.

„Það stóð alltaf til að kaupa langdrægari bíl og svo kom hann bara í tæka tíð fyrir brúðkaupið og við hugsuðum með okkur að nú létum við vaða,“ bætir hún við.

„Ég hef þjáðst af því sem ég kalla drægiskvíða, er alltaf hrædd um að það sé ekki nægilega mikil hleðsla á bílnum,“ segir Svanhildur og hlær. „Með þessu ferðalagi langaði okkur að athuga hvort hægt væri að hemja drægiskvíðann og hvort það væri raunhæft að eiga bara rafmagnsbíl.“

Svanhildur segir að ferðalagið hafi verið mun minna mál en hún átti von á. Hjónin lentu aldrei í því að þurfa að bíða eftir plássi við hleðslustöðvarnar og nýttu þau tímann í göngutúra og heilsuðu upp á fjölskyldu og vini víðsvegar um landið.

„Þetta var miklu minna vesen en ég átti von á. Í stuttu máli sagt þá er það eiginlega þannig að allavega fyrir okkur á þessum árstíma þá var þetta ekkert mál, en ég sé alveg fyrir mér að ef það væri meiri umferð og fleiri rafbílar á götunum þá gæti þetta verið aðeins meira vesen,



**Hjónin segja ferðalagið á rafmagnsbílnum hafa gengið vel.**

> Þetta var miklu minna vesen en ég átti von á.
>
> Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðstoðarmaður fjármálaráðherra

meiri bið í hleðslustöðvarnar til dæmis,“ segir Svanhildur.

„Við notuðum tímann þegar bíllinn var í hleðslu til þess að fara í göngutúra, borða góðan mat og hitta vini og fjölskyldu. Maður gerir það ekkert þegar maður tekur bensín, þá bara hoppar maður inn pissar, kaupir kaffi og heldur svo aftur af stað,“ segir hún.

Svanhildur segist skilja það vel að ekki sé á allra valdi að ferðast á rafmagnsbíl en á sama tíma hvetur hún þá sem hafa tækifæri til þess að skoða kosti þess. „Maður þarf einhvern veginn að fara að venja sig við þær breytingar sem fram undan eru. Með nýrri aðgerðaáætlun í loftslagsmálum markar ríkisstjórnin til dæmis þá stefnu að nýskráningar bensín- og dísilbíla verði almennt óheimilar eftir árið 2030 og ég myndi segja að það væri til mikils að vinna að nota bara okkar eigin orku og menga eins lítið og maður getur,“ segir hún.

„Við gerðum allt eins og við værum á bensínbíl. Við héldum sama meðalhraða, við notuðum miðstöðina, útvarpið og allar græjur þannig að maður getur haft það alveg jafn gott á meðan maður er að keyra en það er bæði ódýrara og mengar minna,“ segir Svanhildur að lokum. **birnadrofn@frettabladid.is**



Komdu og reynsluaktu inn í haustið.

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# HAUST FAGNAÐUR

## hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á morgun, laugardaginn 7. september kl. 12–16.




Komdu og gerðu góð kaup á Haustfagnaði Toyota á morgun laugardag. Sjáðu allt það nýjasta í bílaflotanum okkar sem hefur aldrei verið glæsilegri.

Í Kauptúni býðst jafnframt einstakt tækifæri til að leigja Yaris, Corollu, Camry eða RAV4 á frábæru tilboði – einstakt leigutilboð sem aðeins er í boði á sýningunni í Kauptúni.

Heilsaðu upp á sölumenn okkar sem verða í sérlegum sölugír hjá söluaðilum okkar um allt land. Komdu fagnandi.

Toyota Selfossi | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Akureyri



**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

**Einstakt leigutilboð – aðeins í boði á sýningunni í Kauptúni.**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 92554 09/19




FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1** **Áslaug Arna nýr dómsmálaráðherra** Tilkynnt var um nýjan ráðherra dómsmála á þingflokksfundi Sjálfstæðisflokksins. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir tekur við stöðunni.

**2** **„Ég vil bara vita hver flaggaði“** Páli Magnússyni finnst vafasamt að fyrirtæki hafi flaggað regnbogafánum nálægt Höfða vegna heimsóknar varaforseta Bandaríkjanna, Mike Pence.

**3** **Helltu sæði og hlandi yfir pönnukökur sem bornar voru fram fyrir kennara** Sjö unglingspiltar verða sóttir til saka í Bandaríkjunum fyrir að hafa hellt sæði og hlandi yfir pönnukökur sem þeir báru svo á borð fyrir kennara sína.

**4** **„Fánarnir tala sínu máli“** Upplýsingafulltrúi Advania segir regnbogafána hinsegin fólks standa fyrir mannréttindi og segir þá tala sínu máli.

**5** **Emilíana Torrini gengin í það heilaga** Emilíana Torrini og Rowan Patrick Robinson Cain eru gengin í það heilaga.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

# Ætla að taka á ósjálfbærri beit vegna lausagöngu

**LANDBÚNAÐUR** Vinna er hafin innan umhverfisráðuneytisins við að taka á beit á hálendi sem ekki er sjálfbær. Smíða á reglugerð sem á að vera stjórntæki yfirvalda til að taka á ósjálfbærri beit sem getur hlotist af lausagöngu sauðfjár.

Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að Skógræktarfélag Íslands hefði skorað á stjórnvöld að taka á lausagöngu búfjár, setja á vörsluskyldu og stöðva beit í þjóðgörðum landsins. Blaðið leitaði svara hjá umhverfisráðherra og spurði hvort þetta kæmi til álita.

„Þegar þessi mál eru skoðuð þarf bæði að líta til þeirra laga sem gilda um viðkomandi þjóðgarða sem og nýrra laga um landgræðslu. Í lögunum er kveðið á um að landnýting eigi að vera sjálfbær. Vinna er hafin í ráðuneytinu við að útfæra hvað felst í því,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra.

Innan ráðuneytisins á af því tilefni að smíða verkfæri fyrir stjórnvöld að taka á ósjálfbærum ágangi búfjár. „Þegar niðurstöður þeirrar vinnu liggja fyrir stendur til að setja reglugerð sem fjallar um þessi mál og er henni meðal annars ætlað að verða nýtt stjórntæki til þess að taka á ósjálfbærri beit sem getur hlotist af lausagöngu búfjár.“

> **Það er ekki hagur bænda að ganga á landsins gæði í þessum beitarhólfum.**
>
> Guðfinna Harpa Árnadóttir



Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, segir álag hafa minnkað á landið með fækkun sauðfjár og landið sé að taka við sér.

„Því sauðfé á Íslandi sem fer á afrétt er haldið í sameiginlegum beitarhólfum. Þessi beitarhólf eru afmörkuð af girðingum, bæði manngerðum en annars náttúrulegum girðingum svo sem ám,“ segir Guðfinna. „Það er ekki hagur bænda að ganga á landsins gæði í þessum beitarhólfum. Með fækkandi fé og mun styttri beitartíma á afrétti og í úthaga almennt hefur nýting landsins gjörbreyst á undanförnum 20 til 30 árum og hefur það jákvæð áhrif á sjálfgræðslu á lítt grónum svæðum. Þetta sjá bændur vel sem fara um þessi svæði.“ – **sa**

# Sérstök regla um álag hækkar laun borgarfulltrúa verulega

**Dæmi eru um að laun borgarfulltrúa í Reykjavík hafi hækkað um rúmlega 20 prósent á um sjö mánaða tímabili. Ástæða hækkana hrókeringar á embættum innan stjórnkerfisins sem og þóknanir vegna sérstakrar reglu um að seta í þremur fastanefndum veiti rétt á 200 þúsund króna álagsgreiðslu á mánuði.**

**REYKJAVÍK** Nýafstaðin kosning í hverfisráð Reykjavíkurborgar tryggði nokkrum borgarfulltrúum væna launahækkun en aðeins einn borgarfulltrúi lækkaði í launum á þessu tímabili, Dóra Björt Guðjónsdóttir, fráfarandi forseti borgarstjórnar. „Ég skal alveg viðurkenna að ég er ekki nægilega strategískt þenkjandi þegar kemur að launum. Ég vel mér frekar ráð eða nefndir eftir áhugasviði mínu en ekki launaumslaginu,“ segir Dóra Björt.

Launakjör borgarfulltrúa eru nokkuð flókin í útreikningi og til glöggvunar heldur Reykjavíkurborg út vefsíðu þar sem laun hinna kjörnu eru gefin upp. Upplýsingarnar hafa þó ekki verið uppfærðar í meira en hálft ár þrátt fyrir að vísitöluhækkun hafi gengið í gegn í sumar sem og ýmsar hrókeringar á nefndum og ráðum átt sér stað undanfarnar vikur. Fréttablaðið tók því ómakið af stjórnendum borgarinnar.

Borgarfulltrúar fá greidd grunnlaun sem breytast í takt við launavísitölu á hálfs árs fresti, í janúar og í júlí. Í dag eru grunnlaunin 762.995 krónur samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins. Ofan á launin bætast síðan álagsgreiðslur, upp á 25% ofan á launin, fyrir formennsku í nefndum, formennsku í borgarstjórnarflokki sem og svokallað þriggja nefnda álag. Eins og nafnið gefur til kynna þá eiga borgarfulltrúar rétt á því ef þeir sitja í að minnsta kosti þremur fastanefndum. Þá fá borgarfulltrúar greitt sérstaklega fyrir setu í ráðum sem og ýmsum fyrirtækjum sem Reykjavíkurborg á að fullu eða hluta.



**Hrókeringar í ráðum og nefndum hafa skilað nokkrum borgarfulltrúum miklum launahækkunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valgerður Sigurðardóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hefur hækkað mest í launum af borgarfulltrúunum eða um 23,5%. Helgast hækkunin af því að Valgerður var kjörin sem aðalmaður í borgarráð, sem gefur 190 þúsund krónur aukalega á mánuði, auk þess sem hún var í vikunni kjörin í íbúaráð Grafarholts og Úlfarsársdals. Það þýddi að Valgerður uppfyllir skilyrði um þriggja nefnda álag sem þýðir einnig 190 þúsund krónur aukalega á mánuði. Á móti vék Valgerður úr stjórn Faxaflóahafna sem þýddi tekjutap upp á rúmar 130 þúsund krónur á mánuði. Í heildina eru mánaðarlaun Valgerðar nú 1.199.584 krónur í stað 971 þúsund króna fyrir sjö mánuðum.

> **Ég skal alveg viðurkenna að ég er ekki nægilega strategískt þenkjandi þegar kemur að launum.**
>
> Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata í Reykjavík



**bjornth@frettabladid.is**

# Bandaríkin og Kína efna til viðræðna

**BANDARÍKIN** Bandarísk og kínversk stjórnvöld ákváðu í gær að efna til viðræðna í Washington, höfuðborg Bandaríkjanna, snemma í næsta mánuði.

Fjárfestar tóku fréttunum vel og hækkuðu hlutabréfavísitölur á mörkuðum í Asíu, Norður-Ameríku og Evrópu.

Eru vonir bundnar við að þíða sé komin í viðskiptastríð ríkjanna sem staðið hefur allt frá því að Donald Trump tók við embætti forseta Bandaríkjanna.

Viðræðurnar voru ákveðnar í símtali Liu He, varaforseta Kína, við þá Stevens Mnuchin, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, og Bandaríska viðskiptaráðherrans,Roberts Lighthizer. - **sar**




# Bjóst ekki við að aftökurnar væru svo margar

**VÍSINDI** Kortasjá um aftökur á Íslandi verður opnuð klukkan 15 í dag. Hún er unnin í tengslum við verkefnið Dysjar hinna dæmdu sem hrundið var af stað 2018. Þeir sem unnið hafa að verkefninu rannsökuðu dómabækur og annála í leit að dauðadómum. Þegar hafa fundist 248 dómar en Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur segir að líklega séu þeir mun fleiri. „Ég bjóst ekki við því að þetta væru svona margar aftökur,“ segir hún og nefnir sérstaklega tímabilið 1582 til 1792, þar sem var meira en ein aftaka á ári. Hún segir mikilvægt að fjalla um þennan tíma þótt hann sé ekki til að vekja þjóðarstolt.

Flestar aftökur voru gerðar á suðvesturhorninu, Suðurlandi, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Húnavatnssýslum og í Eyjafirði. Færri í Skagafirði, Þingeyjarsýslum, á Austurlandi og aðeins ein í Skaftafellssýslum. Eitt af því sem er til rannsóknar núna er hvort sýslumenn hafi sýnt mismikla hörku. Þekkt er framganga Þorleifs Kortssonar, sýslumanns í Strandasýslu, í galdrafárinu á 17. öld.



**Steinunn Kristjánsdóttir prófessor í fornleifafræði.** MYND/KRISTINN INGVARSSON

Yfirleitt voru karlar höggnir, konum drekkt, þjófar hengdir og nornir brenndar. Þriðjungur málanna eru þjófnaðir og þriðjungur blóðskömm og dulsmál. Aðrir stórir flokkar eru morð og galdrar. Sjötíu prósent þeirra líflátnu voru karlar og 30 prósent konur.

„Þetta var eiginlega allt lágstéttarfólk og oftast í yngri kantinum,“ segir Steinunn. – **khg**

# TAX FREE

## SNYRTIVÖRU DAGAR

**5.-9. september**

**Taxfree* af öllum snyrtivörum**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

HAGKAUP

*Meira* svona *alla daga*










Hagfræðingarnir tveir telja stéttarfélög lykilaðila í að tryggja aukinn tekjujöfnuð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Segja aukinn jöfnuð geta aukið hagvöxt

**Laun eru ekki bara kostnaður fyrir atvinnurekendur heldur líka uppspretta eftirspurnar. Þetta segja tveir lektorar í hagfræði sem halda fyrirlestur í Þjóðminjasafninu í dag. Aukinn tekjujöfnuður geti haft jákvæð áhrif á hagvöxt.**

**EFNAHAGSMÁL** Þeir Alexander Guschanski og Rafael Wildauer, lektorar í hagfræði við Greenwich-háskóla í Bretlandi, munu í hádeginu í dag halda fyrirlestur í Þjóðminjasafninu undir yfirskriftinni: „Er meiri ójöfnuður ógn við efnahaginn?“

Fyrirlesturinn, sem fer fram á ensku, er skipulagður í samvinnu Eflingar og ASÍ en þessi mál voru einnig rædd í sérstakri vinnustofu í gær og fyrradag. Í vinnustofunni tóku meðal annars þátt sérfræðingar innan verkalýðshreyfingarinnar og frá fleiri stofnunum sem fylgjast með vinnumarkaðsmálum en einnig sjálfstætt starfandi fræðimenn.

Þar ræddu þeir um póst-Keynesískt hagfræðimódel þar sem ein af meginhugmyndunum gengur út á að laun séu ekki bara kostnaður fyrir hagkerfið heldur einnig uppspretta eftirspurnar.

„Hærri laun leiða til aukinnar eftirspurnar sem bætir upp aukinn kostnað atvinnurekenda. Fyrirtæki hugsa ekki bara um hversu ódýr framleiðsla þeirra er, heldur líka um hversu mikið þau geta selt,“ segir Guschanski.

Hann segir að vegna þessa tvöfalda hlutverks launa geti aukinn tekjujöfnuður haft jákvæð áhrif á hagvöxt.

> **Hærri laun leiða til aukinnar eftirspurnar sem bætir upp aukinn kostnað atvinnurekenda.**
>
> Alexander Guschanski, lektor í hagfræði við Greenwich-háskóla

„Það er áhugavert að setja þetta í samhengi við aukinn ójöfnuð í heiminum. Ísland kemur vel út í samanburði við önnur lönd þegar kemur að tekjujöfnuði. En engu að síður hefur hlutfall launa af landsframleiðslu á Íslandi verið að lækka og er nú um 7,5 prósentustigum lægra en þegar það náði hámarki á 8. áratugnum,“ segir Guschanski.

Hann segir að hugmyndir sem þessar séu oft gagnrýndar á þeim grundvelli að þær leiði til verðbólgu. „Áhyggjur af áhrifum á verðbólgu eru oft mjög ýktar en við tökum tillit til þessara áhrifa í rannsóknum okkar.“

Hagfræðingarnir leggja líka mikla áherslu á mikilvægi þeirra stofnana sem geri kjarasamninga. Nýlegar rannsóknir sýni fram á að þessir stofnanaþættir hafi mikil áhrif á tekjujöfnuð. „Þetta tengist minnkandi þátttöku í stéttarfélögum og fækkun heildarkjarasamninga. Ef við viljum auka hlutfall launa þurfum við að byrja þarna,“ segir Guschanski.

Rafael Wildauer segir að hafa þurfi í huga að líkleg hliðaráhrif launahækkana til að auka tekjujöfnuð sé meiri neysla. Í launadrifnum hagkerfum leiði það líka til aukins hagvaxtar.

„Þetta var módel sem virkaði ágætlega, sérstaklega á eftirstríðsárunum, og var í raun grunnurinn að gullöld kapitalismans. Á allra síðustu árum höfum við séð hvernig þetta getur leitt okkur á hættulegar slóðir. Aukin neysla þýðir aukna losun gróðurhúsalofttegunda, meiri sóun og notkun auðlinda. Þetta er ekki sjálfbært ástand til lengri tíma,“ segir Wildauer.

Þannig þurfi að horfa til þess hvernig hægt sé að ná fram auknum tekjujöfnuði en hugsa um leið um afleiðingarnar fyrir vistkerfið. Lykilatriði í því sambandi sé styttri vinnutími fólks.

**sighvatur@frettabladid.is**

## Írar ætla að planta 440 milljón trjám fyrir árið 2040

**ÍRLAND** Eyjan græna verður enn þá grænni á komandi áratugum því að Írar ætla að gróðursetja 400 milljón tré fyrir árið 2040. Er þetta liður í því að berjast við loftslagsbreytingar af mannavöldum.

Eþíópíumenn komust í heimsfréttirnar fyrir skemmstu þegar þeir gróðursettu 350 milljón tré á einum degi. En Írar, sem eru miklu minni þjóð, ætla að taka þetta í skrefum og planta 22 milljónum trjáa árlega.

Á miðöldum voru 80 prósent af Írlandi þakin skógum en þegar Írum fjölgaði voru skógar ruddir. Árið 1929 var hlutfallið komið niður í aðeins eitt prósent. Á 20. öldinni hækkaði það hægt og er nú rúmlega 10 prósent, langt undir 30 prósenta meðaltali meginlands Evrópu. – **khg**



Skógur í Omeath á Írlandi, eyjunni grænu. NORDICPHOTOS/GETTY.

> **Írar ætla að gróðursetja 400 milljón tré fyrir árið 2040.**




# Haustfögnuður Garðheima

— ★ ★ ★ —

HELGINA 6. TIL 8. SEPTEMBER

ÆTLUM VIÐ Í GARÐHEIMUM AÐ FAGNA HAUSTKOMUNNI OG NJÓTA ÞESS AÐ GERA HUGGULEGT Í KRINGUM OKKUR

— ★ ★ ★ —



## Sýnikennsla og ráðgjöf

LAUGARDAG MILLI KL 14:00 OG 16:00

SJÁIÐ HAUSTSKREYTINGAR OG KRANSA VERÐA TIL OG LÆRIÐ RÉTTU TÖKIN.

ÞÓRDÍS, ÓLÖF OG GUNNHILDUR VERÐA MEÐ SÝNIKENNSLU OG RÁÐGJÖF.

## Glæsilegt úrval haustsamplantana

VERÐ FRÁ 2.980KR






## Haustblómamarkaður




OPIÐ TIL 21
ALLA DAGA

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is







Boris heldur ræðu í gær með lögreglumenn í bakgrunni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill frekar liggja dauður í skurði en fresta Brexit

**Atkvæði greidd að nýju í breska þinginu á mánudag um hvort boðað verði til kosninga. Boris segist frekar vilja liggja dauður í skurði en fresta Brexit.**

**BRETLAND** Neðri deild breska þingsins mun greiða atkvæði að nýju á mánudag um hvort boða eigi til þingkosninga þann 15. október næstkomandi. Tillaga þess efnis náði ekki tilskildum stuðningi á miðvikudagskvöld en tveir þriðju hlutar þingmanna þurfa að styðja tillöguna.

Þingmenn Verkamannaflokksins greiddu ekki atkvæði um tillöguna á miðvikudaginn af þeim ástæðum að ekki væri búið að samþykkja frumvarp sem ætlað er að koma í veg fyrir Brexit án samkomulags. Á mánudaginn ætti frumvarpið hins vegar að verða orðið að lögum og því hægt að endurtaka atkvæðagreiðslu um kosningar.

Boris Johnson forsætisráðherra hélt í gær ræðu þar sem hann stóð fyrir framan hóp af lögregluþjónum sem eru í þjálfun en hann notaði tækifærið og kynnti átak um fjölgun í lögreglunni.

Fréttaskýrendur voru almennt sammála um að ræðan hefði verið hin undarlegasta. Þá var ráðherrann gagnrýndur fyrir að hafa lögreglumennina í bakgrunni þar sem ræðan hefði verið mjög pólitísk.

Johnson sagðist enn staðráðinn í að Bretland yfirgæfi ESB þann 31. október næstkomandi. Ef það myndi ekki gerast, þyrfti einhver annar að taka við stjórninni. Fólk yrði að velja milli hans og Jeremys Corbyn, leiðtoga Verkamannaflokksins, til að fara á leiðtogafundinn í Brussel 17. október.

Þá svaraði Boris spurningu um hvort hann gæti lofað því að fara ekki til Brussel og biðja um frest, með því að frekar vildi hann liggja dauður úti í skurði. Frestun væri algerlega tilgangslaus og kostaði milljarð punda á mánuði. Hann vildi ekki svara því hvort hann myndi segja af sér kæmi til frestunar á Brexit.

**» Jo Johnson, bróðir Boris, sagði í gær af sér sem þingmaður Íhaldsflokksins og ráðherra háskóla, vísinda og rannsókna.**

Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa fundað sín á milli varðandi dagsetningu mögulegra kosninga. Eru uppi vangaveltur um hvort fresta ætti kosningum þar til frestur á viðræðum við ESB hafi fengist til að tryggja að Bretland gangi ekki samningslaust úr ESB 31. október.

Nigel Farage, leiðtogi Brexitflokksins, hefur varað Johnson við að hann geti ekki unnið kosningar ef flokkur hans fari gegn forsætisráðherranum. Tækist þeim hins vegar að mynda bandalag með skýrri stefnu yrðu þeir óstöðvandi.

Ekki bætti það stöðu forsætisráðherrans að Jo Johnson, bróðir hans, sagði í gær af sér sem þingmaður Íhaldsflokksins og ráðherra háskóla, vísinda og rannsókna. Jo hefur lýst yfir efasemdum um Brexit án samkomulags. Hann segist hafa verið í erfiðri stöðu að undanförnu þar sem tekist hafi á fjölskyldu- og þjóðarhagsmunir.

**sighvatur@frettabladid.is**



Hlutabréf í Facebook hækkuðu um tvö prósent í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

# Stefnumótaþjónusta á Facebook

**BANDARÍKIN** Samfélagsmiðillinn Facebook opnaði í gær stefnumótaþjónustu í Bandaríkjunum. Hlutabréf í fyrirtækinu hækkuðu í kjölfarið um tvö prósent. Hlutabréf í Match Group, eiganda stefnumótaþjónustunnar Tinder, féllu hins vegar um sex prósent.

Samkvæmt upplýsingum frá Facebook munu notendur geta samnýtt Instagram-reikninga sína með Facebook-stefnumótaprófíl.

Þjónustan verður valkvæð fyrir notendur Facebook og mun notkunin ekki sjást á síðu notenda né í fréttaveitu. Þá geta notendur alveg ráðið því sjálfir hverjir eiga möguleika á að sjá stefnumótaprófíl sinn.

Í tilkynningu frá Facebook segir að þjónustan verði komin til Evrópulanda snemma á næsta ári. **– sar**




Fallegt var um að litast á Green Eagle golfvellinum í Hamborg í gær þegar stærðarinnar regnbogi birtist þar á opnunardegi Opna evrópska Porsche-mótsins.



Camilla, hertogaynjan af Duchess, heimsótti Konunglega saumaskólann í Bretlandi í gær og opnaði þar sýningu. Á sýningunni eru sýndar andlitsmyndir sem saumaðar eru út, líkt og má sjá Camillu handleika hér. NORDICPHOTOS/GETTY




Leikmaður ástralska fótboltaliðsins Eagles, Luke Shuey, leiðir lið sitt inn á völlinn í tvöhundraðasta leik sínum fyrir liðið á Optus-leikvanginum í Perth.




Mótmælendur sem söfnuðust saman fyrir utan kanslaraskrifstofuna í Berlín í gær hylja annað augað og votta þannig þeim sem slasast hafa við mótmælin í Hong Kong virðingu sína. Mótmælendurnir hvöttu Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, til að sýna mótmælendum í Hong Kong samstöðu. Merkel ferðaðist til Kína í gær þar sem hún mun dvelja í þrjá daga í opinberri heimsókn.



Chris Lavish sat í fremstu röð á tískusýningu Blancore á tískuvikunni í New York í gær. Sýningin var haldin í Gallery II í Spring stúdíóinu og tókst vel.

Innovation that excites

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

# TREYSTU Á REYNSLUNA

## VELDU MEST KEYPTU RAFBÍLA Í HEIMI

ENNEMM / SÍA / NM95592




**NISSAN e-NV200 – 100% RAFBÍLL**
Drægi 200 km. Rafhlaða 40 kWh, 109 hestöfl
**VERÐ FRÁ: 4.790.000 KR.**

**NISSAN LEAF – 100% RAFBÍLL**
Drægi 270 km. Rafhlaða 40 kWh, 150 hestöfl
**VERÐ FRÁ: 4.390.000 KR.**

**Nissan hefur verið leiðandi í framleiðslu rafbíla síðan árið 2010 þegar Nissan Leaf var kynntur til sögunnar. Enginn rafbíll hefur unnið til jafn margra umhverfisverðlauna og enginn framleiðandi hefur selt jafn marga rafbíla og Nissan.**

**Nissan Leaf** er ekki einungis valinn vegna reynslunnar heldur þeirrar staðreyndar að hann er einn skemmtilegasti rafbíll sem í boði er. Nissan Leaf er hlaðinn staðalbúnaði og nýjungum á borð við e-Pedal sem er sjálfvirk hemlun sem endurnýtir orku og auðveldar akstur í þéttbýli.

**Nissan e-NV200** er sendibíll sem byggir á þaulreyndri rafbílatækni Nissan Leaf. Fyrir fyrirtæki sem ætla að skipta yfir í rafbíl er gott að vita að e-NV200 hefur þegar verið valinn í þjónustu margra af stærstu og öflugustu fyrirtækjum landsins.

**3,95% KJARAVEXTIR**

- **Fastir vextir**
- **Engin verðtrygging**
- **Ekkert lántökugjald**
- **Lægri mánaðargreiðsla**
- **Miklu lægri kostnaður**

Hagstæð leið til að fjármagna bílakaupin. Kynntu þér **3,95% Kjaravexti** hjá sölumönnum BL eða á www.bl.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ 120.000 KM

**PRÓFAÐU FYRST RAFBÍLANA SEM FLESTIR VELJA**
**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR**

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

* Drægi hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda um drægi samkvæmt nýjum WLTP staðli.

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Erfiður vetur



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Þetta fór ekki eins og vonast var eftir. Við fall WOW air, helsta keppinauts Icelandair, stóðu væntingar stjórnenda og hluthafa flugfélagsins til þess að rekstrarumhverfið tæki breytingum. Flugfargjöld, sem hafa haldist lág um langt skeið, myndu fara hækkandi og afkoman batnandi. Það hefur ekki gengið eftir. Þess í stað hafa tvö mannskæð flugslys, sem rekja má til hönnunargalla í MAX-vélum Boeing, valdið því að kyrrsetja þurfti um fjórðung af flugflota Icelandair. Áhrifin af kyrrsetningu MAX-vélanna, sem eru metin á um 17 milljarða, eru hlutfallslega meiri á Icelandair en á öll önnur flugfélög. Þrátt fyrir mótvægisaðgerðir, sem komu í veg fyrir stórfelldar niðurfellingar á flugi, hafa orðið raskanir á flugáætlun með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á kostnað og tekjur.

Stjórnendur Icelandair eru ekki öfundsverðir. Staða félagsins, sem er grafalvarleg, væri vissulega önnur og betri ef ekki væri fyrir MAX-vandræðin. Enginn gat séð þau fyrir en á móti kemur var það – að minnsta kosti út frá sjónarmiðum um áhættustýringu – misráðið að taka níu vélar, sem nánast engin reynsla var komin á, inn í flugflotann á innan við einu ári. Þótt væntingar séu um að Boeing bæti tjónið sem kyrrsetningin hefur valdið er útilokað að segja til um hvenær von sé á slíkum greiðslum né að hversu miklu marki, ef eitthvað, þær kunna að verða í fomi reiðufjár. Það er áhyggjuefni. Lausafjárstaðan hefur versnað, einkum vegna uppgreiðslu á skuldabréfum, og ljóst er að félagið þarf að sækja sér fjármagn til að treysta fjárhaginn, nú þegar erfiðustu mánuðirnir í rekstrinum – fjórði og fyrsti ársfjórðungur – eru fram undan. Ólíklegt er þó að hluthafar séu áhugasamir um koma með aukið hlutafé inn í reksturinn.

Fíllinn í herberginu hjá Icelandair er vel þekktur. Launakostnaður er mun meiri en í samanburði við önnur flugfélög og nýting flugáhafna, eins og stjórnendur félagsins hafa ítrekað vikið að, er óviðunandi. Ef á þessari skipan mála verður ekki breyting stefnir í óefni. Flugfreyjur, sem hafa verið með lausa samninga frá áramótum, horfa til þess að fá sambærilegar launahækkanir og um var samið í lífskjarasamningum síðastliðið vor og þá rennur út samningur við flugstjóra og flugmenn um næstu áramót. Svigrúm Icelandair til að taka á sig aukinn launakostnað, eins og er að óbreyttu í vændum, er hins vegar minna en ekki neitt nú um stundir. Þetta ættu allir að vita, líka starfsmenn flugfélagsins.

Aðalhagfræðingur Seðlabankans benti á hið augljósa í vikunni. Þótt kjarasamningar hafi verið leiddir til lykta með skynsamari hætti en útlit var fyrir var engu að síður samið um ríflegar launahækkanir sem valda því að samkeppnisstaða Íslands rýrnar enn frekar. Fyrir fyrirtæki sem eiga í harðri erlendri samkeppni, eins og Icelandair, gerir það erfiða stöðu því enn erfiðari. Í kjarabaráttu sinni 2014 vísuðu flugmenn Icelandair til mikillar hækkunar hlutabréfaverðs félagsins sem rök fyrir háum launakröfum sínum. Þess konar röksemdir hljóta að virka í báðar áttir. Gengi bréfa Icelandair hefur nú lækkað um meira en áttatíu prósent á síðustu þrjátíu mánuðum og hluthafar, sem eru einkum lífeyrissjóðir, hafa tapað háum fjárhæðum. Þessi staða er ekki sjálfbær. Hluthafar Icelandair, eins kerfislega mikilvægasta fyrirtækis landsins, ættu að búa sig undir erfiðan vetur.

**Svigrúm Icelandair til að taka á sig aukinn launakostnað er minna en ekki neitt nú um stundir.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Gamli skólinn**

**Gamli skólinn deyr seint þótt menn af gamla skólanum séu að miklu leyti hættir að tjá sig opinberlega um mál sem er vænlegra að þegja um. Páll Magnússon þingmaður ákvað að taka slaginn vegna regnbogafána sem Advania flaggaði við heimsókn Mikes Pence, varaforseta Bandaríkjanna. Ástæðan var sú að hann áttaði sig ekki á því hver væri að flagga, hluthafar eða starfsmenn, vegna þess að fyrirtæki hafi ekki skoðanir. Nú hafa fyrirtæki helling af skoðunum. Það er ekkert bruðl í Bónus og Seðlabankinn telur það ekki varða almenning hvernig þar er staðið að starfslokasamningum. Það hlýtur að búa eitthvað meira að baki hjá Páli.**

***Fær Ástþór félagsskap?***

**Orkupakkaandstæðingar afhentu í gær forsetanum rúmlega sjö þúsund undirskriftir um að vísa málinu í þjóðaratkvæði. Það má gera ráð fyrir að forsetinn skrifi undir lögin sem fylgja pakkanum. Það fer svo eftir því hvernig hann útskýrir ákvörðun sína hversu fámennur óvinahópurinn verður, hvort hópurinn muni telja sjö þúsund manns eða eingöngu innhringjendur á Útvarpi Sögu. Forsetakosningar eru næsta vor, það verður forvitnilegt að sjá hvort þar dúkki upp orkupakkaandstæðingur eða bara Ástþór Magnússon. arib@frettabladid.is**

## Menntun svarar stafrænu byltingunni



Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Stafræna byltingin hefur áhrif á daglegt líf okkar allra. Miklu af þeirri þjónustu sem við áður sóttum til fyrirtækja eða opinberra aðila sinnum við nú sjálf í gegnum snjallsíma. Sjálfvirknivæðingin, sýndarveruleikinn og gervigreindin eru komin til að vera og eru að umbylta landslagi menntunar og vinnumarkaðar. Í gegnum tíðina hafa falist mörg tækifæri fyrir Ísland í tæknibyltingum. Við höfum séð vinnumarkaðinn gjörbreytast á stuttum tíma og menntun verður að mæta þessum nýju og spennandi tímum.

Meðal mikilvægustu verkfæra unga fólksins okkar, sem móta munu framtíð samfélagsins, eru samvinnuhæfni, frumkvæði, skapandi hugsun og það að geta unnið með upplýsingar og tækni á fjölbreyttan hátt. Fjórða iðnbyltingin krefur okkur með sínum öru samfélags- og tæknibreytingum um nýja nálgun á ýmis kerfi, þar með talið menntun og starfsþjálfun af öllu tagi. Sem dæmi um gott viðbragð við breyttum tímum er nýtt nám sem hófst við Verzlunarskóla Íslands nú í haust. Það ber yfirskriftina „Stafræn viðskiptalína“ og er skipulagt í góðu samstarfi við atvinnulífið, meðal annars í gegnum SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu. Markmið námsins er að mæta nýjum þörfum atvinnulífsins en sérstaða námsins er meðal annars fólgin í áföngum sem tengjast stafrænum lausnum, greiningu á gögnum og notagildi samfélagsmiðla. Þá fer hluti námsins fram í starfsnámi sem útfært verður í samstarfi við ýmis fyrirtæki. Þegar ég heimsótti nemendur á þessari nýju braut í vikunni spurði ég þá af hverju þetta nám hefði orðið fyrir valinu. Svörin voru margvísleg en eitt stóð upp úr: „Við vitum hversu mikilvægt það er að við höfum góðan skilning á forritun, bæði til að skilja samfélagið og hvað bíður okkar.“

Ég fagna nýjungum í menntun á Íslandi og sérstaklega þeim sem miða að því að mæta þörfum framtíðarinnar og efla tengsl menntakerfisins við samfélagið. Ég óska Verzlunarskólanum og Samtökum verslunar og þjónustu til hamingju með þennan áfanga og nýja námið.

**Fjórða iðnbyltingin krefur okkur með sínum öru samfélags- og tæknibreytingum um nýja nálgun á ýmis kerfi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FRAMKVÆMDASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Huggulegt matarboð

**Í DAG**

Þórlindur Kjartansson

Fátt er indælla en að fá góða vini í heimsókn og eiga saman gleðiríkar eða bljúgar stundir. En í amstri dagsins hefur fólk tilhneigingu til þess að mikla fyrir sér umstangið sem slíku fylgir. Loksins þegar fólk lætur verða af því að hittast þá liggur að baki sannkölluð skipulagsmartröð og jafnvel togstreita. Þannig tekst fólki stundum að gera jafnvel einföldustu hluti, eins og að brjóta brauð með vinum sínum, að einhvers konar verkfræðiæfingu sem útheimtir Excel-forritun og kvíðastillandi lyf.

Oftast er það þó þannig að eftir matarboðin eru allir sáttir og sælir. Skilaboðin fljúga á milli um hvað það hafi verið gaman að hittast og að þetta hafi ekki verið neitt mál og „við ættum að gera þetta miklu oftar“.

En auðvitað eru til undantekningar. Um daginn heyrði ég af fólki sem ætlaði að bjóða vinum sínum í mat og gerðu brúðkaupsafmæli sitt að tilefni. Eftirfarandi samskipti áttu sér stað í skilaboðaforriti:

„Hæhæ. Til hamingju með brúðkaupsafmælið og takk kærlega fyrir að bjóða okkur í mat á föstudaginn eftir 3 vikur. Við þiggjum það að sjálfsögðu. Reyndar komumst við ekki þann dag en eigum auðveldara með að koma á sunnudaginn eftir 2 vikur. Þannig að við komum bara þá. Já, og við reyndar höfum ekki tíma til þess að borða kvöldmat þannig að við mætum bara í hádeginu.“

Gestgjafarnir urðu ögn hvumsa en féllust á tillöguna og svöruðu: „Ekkert mál. Sjáumst í brunch á sunnudaginn eftir tvær vikur.“

En skilaboðin urðu aðeins fleiri frá gestunum. „Æði. Við erum á ketó og mætum með okkar eigin mat. Vonum að það sé í lagi. Annað; við erum ljósfælin og það væri því gott að fá staðfestingu á því að það verði dregið fyrir alla glugga þegar við komum. Við fáum kannski að senda mann heim til ykkar einhvern tímann á laugardaginn til þess að skoða gardínurnar. Ef þær eru ekki nógu góðar, þá er það ekkert mál. Við erum meira en til í að láta setja upp nýjar gardínur fyrir ykkur og þið þurfið ekkert að borga fyrir það. Vonum að þetta sé í góðu lagi. Hlökkum geggjað til að hitta ykkur.“

Gestgjafarnir voru orðnir verulega hissa á þessum samskiptum. Þau höfðu haldið nokkur matarboð með vinum úr sama vinahópi vikurnar á undan og það hafði ekki verið neitt svona vesen. En góð vinátta er gulls ígildi, hugsuðu þau og héldu sínu striki. „Við verðum líklega lítið heima á laugardaginn. Getum ábyrgst að gluggatjöldin eru vel þétt :) Auk þess spáir skýjuðu, þannig að þetta verður ekkert mál. Sjáumst hress,“ var svarið sem þau ákváðu að senda.

**Engin fyrirhöfn**

Gestirnir voru fljótir að sjá skapandi lausnir á þessari stöðu. „Hæ hæ. Takk fyrir skilaboðin og skilninginn á ljósfælni okkar. Hún er alvöru vandamál. Er þá ekki bara best að þið skiljið íbúðina eftir opna á laugardaginn og okkar menn komi sér bara sjálfir inn og setji upp hlerana? Það er allt í lagi okkar vegna. Þeir geta þá skoðað í leiðinni hvort það sé eitthvað annað sem þurfi að laga fyrir boðið.“

Getsgjafarnir vissu varla hvaðan á þau stóð veðrið og voru farin að velta fyrir sér hvort þetta væri hrekkur. Þau svöruðu: „Haha. Þið segið nokkuð. Eigum við kannski ekki bara að láta tæma stofuna þannig að þið getið komið með ykkar eigin húsgögn líka ;-). Sjáumst á sunnudaginn.“

Óhætt er að segja að þessi tilraun gestgjafanna hafi sprungið illilega í andlitið á þeim. Gestirnir svöruðu: „Vá. Þið eruð SVO GÓÐIR VINIR. Við ætluðum ekki að þora að spyrja um þetta. En þið þurfið alls ekki að hafa neinar áhyggjur af húsgögnunum. Við viljum alls ekki að það sé verið að hafa fyrir okkur þannig að mennirnir sem koma á laugardaginn geta bara séð um að taka út öll húsgögnin ykkar og koma með stólana sem henta betur fyrir okkur. Það er ekkert mál. Og við skulum passa upp á að þeir gangi vel frá þannig að þið verðið fljót að finna aftur ykkar eigin húsgögn og getið raðað þeim alveg eins og þið viljið þegar við erum farin.“

Gestgjafarnir svöruðu: „Eruð þið að grínast?“

En nei. Það var alls ekki. „Haha. Nei, ekkert grín. Við sjáum bara um að hreinsa til og gera íbúðina tilbúna fyrir matarboðið. Þetta verður rosa gaman. Sjáumst á sunnudaginn. P.S. Er í lagi að við komum með hafnaboltakylfur ef það yrði ráðist á okkur…óvíst að vita hvar óvinir sitja á fleti fyrir, og allt það?“

**Tens og lítið glens**

Matarboðið gekk víst bara vel. Kannski ekki mjög skemmtilegt. Andrúmsloftið er aðeins tens þegar gestirnir mæta vopnaðir og þá er erfiðara að vera með gaman og glens. Svo truflaði það einhverja nágranna að gestirnir lögðu bílnum sínum þvert yfir götuna þannig að enginn komst leiðar sinnar klakklaust. Og í þetta skipti var ekki hægt að segja eftir matarboðið að þetta hafi „ekki verið nein fyrirhöfn“ og gestgjafarnir ekki beint í skapi til að stinga upp á að „við ættum að gera þetta miklu oftar“. En samt— alltaf gaman að hitta góða vini.


# Sölu-sýning

Framúrskarandi fyrirtæki 2018

**Á morgun**, laugardag, efnum við til sölusýningar í verslun okkar, Nóatúni 4, frá kl. 10 til 16.

Þar gefst tækifæri til að skoða það nýjasta sem við bjóðum. Meðal annars nýju vörurnar frá **BergHoff**, ferðakrúsir og svo ferðasett sem er tilvalið fyrir nestið í skólann eða vinnuna. Pottarnir frá þeim hlutu hin virtu hönnunarverðlaun *reddot design award* nú í ár og er viðloðunarfrí húðin á pottunum og pönnunum laus við öll eiturefni.

Einnig erum við stolt af nýju hraðkerfi í uppþvottavélunum frá **Siemens** og **Bosch** þar sem flestar vélarnar geta þvegið á klukkutíma á 65° C. Enginn kattarþvottur þar. Við erum að tala um alvöru hraðkerfi.

Svo er um að gera að skoða fallegu lampana okkar sem leiða haustið inn á heimilið þitt.

Fjöldi tilboða í tilefni dagsins. Veittur verður afsláttur af **öllum vörum** sem ekki eru nú þegar á Tækifærisverði.

**Komið og njótið dagsins með okkur!**




SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

RÚLLA MÁNAÐARINS!

1.399 kr

ORIGAMI SUSHI

VOLCANO

MEÐ HVERJUM KEYPTUM BAKKA MÁNAÐARINS FYLGIR 1/2 LÍTRI AF SÍTRÓNU TOPP




TEMPURA RÆKJUR, SPICY TUNA, SPICY KRABBASALAT, AVOCADO, TEMPURA, JAPANSKT MAJÓ OG SRIRACHA

Tilboð gilda út 8. september



**Jarðarber 500g**
**sæt og safarík**

**699** kr/pk

ávöxtur mánaðarins



**Ferskur ananas**

**229** kr/kg
verð áður 299 kr/kg




**Bláber 500g**
**stútfull af andoxunarefnum**

**999** kr/pk




**California style**
**ferskt Guacamole**

**799** kr/stk




**Tostitos snakk**
**Ekki sætta þig við annað**

**799** kr/pk

25% afsláttur




**Grandiosa pepperoni special**
**Með extra pepperoni**

**599** kr/stk
verð áður 799

# *Meira* girnilegt



25% afsláttur




**Urban accents sósur**

**799** kr/stk

ÍSLANDS NAUT
*Stolt kjötmeistarans*

**Nautafile**

**4.424** kr/kg
Verð áður 5.899 kr/kg




**Atkins tortillur**

**599** kr/pk




15% afsláttur

100% HREIN AFURÐ

**Kjúklingabringur**

**2.124** kr/kg
Verð áður 2.499 kr/kg




35% afsláttur

100% HREIN AFURÐ

**Kjúklingaleggir**

**649** kr/kg
Verð áður 999 kr/kg




20% afsláttur

**Lambaprime**

**3.759** kr/kg
Verð áður 4.699 kr/kg

## HAGKAUP

*Meira*
svona
*alla daga*

# Kominn ár á eftir áætlun

**Nýr Laugardalsvöllur er strax orðinn hið minnsta ári á eftir áætlun. Undirbúningsfélag um framtíð Laugardalsvallar fundar nú vikulega og gengur sú vinna vel að mati formanns KSÍ. Laugardalsvöllurinn stenst ekki lengur alþjóðlegar kröfur.**


*Á morgun mun íslenska landsliðið ganga inn á hið forna mannvirki í Laugardal.* FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**FÓTBOLTI** Á morgun leikur íslenska landsliðið leik í undankeppni EM við Moldóvu á um 60 ára gömlum úr sér gengnum Laugardalsvelli. Það er ekki enn uppselt á leikinn en samkvæmt frétt fótbolta.net á miðvikudag voru um 2.000 sæti laus. Nýr Laugardalsvöllur hefur verið í deiglunni lengi. Ofboðslegt tap er af honum á hverju ári eins og greint hefur verið frá. Ýmislegt hefur verið sagt en ekkert hefur enn gerst. Í skýrslu KPMG sem kynnt var í borgarráði Reykjavíkurborgar þann 10. apríl í fyrra kemur fram að nýr völlur eigi að rísa vorið 2021. „Ég held að það sé nokkuð ljóst að það mun ekki nást. Þó snögg séum, þá tel ég að það gangi ekki eftir,“ segir Guðni Bergsson, formaður KSÍ, léttur.

Í fundargerð KSÍ frá því í júní kemur fram að undirbúningsfélag um framtíð Laugardalsvallar hafi hist í fyrsta sinn. Félagið var skipað í kjölfar starfshóps sem ríkið og Reykjavíkurborg með KSÍ skipaði um uppbygginguLaugardalsvallar. Í fundargerð borgarráðs frá 12. apríl kemur fram að borgarráð samþykkti félagið sem heitir Þjóðarleikvangur ehf.

Guðni segir að góður gangur sé í störfum félagsins sem leitt er af Árna Geir Pálssyni. „Það er fundað vikulega og góður gangur í félaginu. Ég er ánægður með það því það hafði dregist að hefja þessa vinnu. Það er verið að vanda sig og það er ljóst að þessari vinnu lýkur á næsta ári og þá er endanlega kominn tími á að taka ákvörðun í málinu.“

> **Það er ljóst að þessari vinnu lýkur á næsta ári og þá er endanlega kominn tími að taka ákvörðun í málinu.**
>
> Guðni Bergsson, formaður KSÍ

Starfshópurinn kynnti tvo kosti þegar kemur að nýjum Laugardalsvelli. Annars vegar opinn knattspyrnuvöll sem rúmaði 17.500 manns í sæti í stúkum umhverfis völlinn og hins vegar fjölnotaleikvang með opnanlegu þaki og 20.000 sætum. Sá völlur myndi einnig gera aðstöðu til viðburðahalds á Íslandi betri og þar af leiðandi gefa færi á auknum tekjum vegna annarra viðburða sem ella gætu ekki farið fram á Íslandi.

Guðni segir að undirbúningsfélagið sé ekki að binda sig niður við stærð vallanna. Ef önnur stærð eða gerð valla komi upp þá sé það skoðað, eins og allt annað. Það sé jú verið að vanda til verka. „Völlurinn og aðstaðan fyrir áhorfendur, fatlaða, fjölmiðlafólk og leikmenn stenst ekki kröfur nútímans. Völlurinn er líka barn síns tíma. Tímarnir hafa breyst og kröfurnar eru meiri. Sú staðreynd að þurfa að byrja og ljúka riðlakeppninni á útivelli því við getum ekki spilað hér heima er dragbítur á okkar árangri. Þessi árangur okkar, EM 2016 og HM 2018 það var mikil lyftistöng, ekki bara fyrir fótboltann heldur íslenskt samfélag í heild.“

**benediktboas@frettabladid.is**

## Svona sá starfshópurinn tímalínuna

Sérstakur hópur skipaður sérfræðingum frá ríki og borg veittu ráðgjöf varðandi útboðsmál og bar saman við aðrar mögulegar útboðsleiðir. Niðurstaðan var að engir lagalegar annmarkar eru á þeim útboðsleiðum sem starfshópurinn hefur haft til skoðunar og að sú aðferðafræði sem lögð er til sé góð og líkleg til þess að skila hagkvæmri niðurstöðu.

**Apríl – maí 2018**
- Ákvörðun um næstu skref
- Opinber kynning á verkefninu
- Stofnun undirbúningsfélags í eigu Reykjavíkurborgar, ríkis og KSÍ
- Valin fimm manna verkstjórn

**Maí – júní 2018**
- Útboðsgögn undirbúin vegna þróunar og verkstýringar
- Auglýst á alþjóðlegum vettvangi
- Unnið að tillögum að eignarhaldi
- Skipulagsmál undirbúin
- Frekari greining á afleiddum kostnaði

**Júní – ágúst 2018**
- Samið við aðila um ráðgjöf og stýringu verkefnisins
- Undirbúningur fyrir útboð á hönnun og framkvæmd hefst

**Nóvember 2018**
- Eignarhald og rekstraraðili liggja fyrir
- Endanleg ákvörðun um útboð á hönnun og framkvæmd nýs þjóðarleikvangs

**Desember 2018**
- Ákvörðun um útfærslu
- Alþjóðlegt útboð á hönnun og framkvæmd

**Vor 2019**
- Samningar um uppbyggingu nýs vallar

**Vor 2021**
- Nýr þjóðarleikvangur vígður



## Völlurinn er ekki sléttur

Þegar Laugardalsvöllur er skoðaður kemur ansi margt ljótt í ljós. Í minnisblaði KSÍ til UEFA frá því í fyrra er sagt frá því sem er að. Helst ber að nefna að leikvöllurinn er ekki sléttur sem er trúlega ein helsta forsenda þess að spila góðan fótbolta. Í búningsklefa liðanna vantar eitt salerni í hvorn og 25 geta ekki setið í sama rými. Búningsklefar dómara er of litlir og það vantar eina sturtu. Lyfjaeftirlitsherbergi er of lítið, aðskilnaður stuðningsmanna aðkomuliðs er ekki varanlegur og er ófullnægjandi og ekki alltaf öruggur. Það er hvorki salernisaðstaða né veitingasala fyrir þessa stuðningsmenn sem stenst reglur UEFA eða FIFA.

Fyrir utan völlinn er nánasta umhverfi sagt ófullnægjandi.

Sjónvarpsstúdíó eru of lítil eins og sást greinilega í kvennaleiknum þegar þær Olga Færseth og Ásthildur Helgadóttir voru klesstar upp við hvor aðra. Aðstaða fyrir lýsendur sjónvarps og útvarps er á fjórum stöðum en þær þurfa að vera fimm, vinnuaðstaða þarf að vera fyrir 20 ljósmyndara og blaðamannastúka þarf að rúma 60 í sæti og þarf af 30 með borð. Þá eru aðgangshlið ekki til staðar og því talið með gamla mátanum.

„Við erum aftarlega á merinni og erum að horfast í augu við það. Ég get alveg sagt að þetta ferli hefur tekið dágóðan tíma og allir eru að vanda mjög vel og fara yfir hlutina oftar en einu sinni og jafnvel tvisvar. Þegar þessi ákvörðun verður tekin verður búið að rýna vel í alla hluti, ég get fullyrt það,“ segir Guðni Bergsson.


# Félagsfundur VR

Mánudaginn 16. september kl. 18.30
í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar

Á fundinum verða kosnir fulltrúar félagsins til setu á 31. sambandsþingi Landssambands íslenzkra verzlunarmanna sem fram fer á Akureyri, dagana 18. – 19. október næstkomandi.

VR • Kringlunni 7 • 103 Reykjavík • Sími: 510 1700 • vr@vr.is • vr.is

# Fólk

## Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 6. SEPTEMBER 2019



**Anna Leif Elídóttir flutti til Svartfjallalands í byrjun júlí. Hún er nú stödd á Íslandi en myndlistarsýning með verkum hennar verður opnuð í dag í byggðasafninu á Akranesi.** →4



# Tilveran fátæklegri án street dans

Dansarinn Brynja Péturs lifir og hrærist í street danssenunni hér heima og í heimaborg street dansins í New York. Hún rekur einn stærsta dansskóla landsins þar sem dansararnir vekja athygli og sækja sigra langt út fyrir landsteinana. →2

Brynja Péturs ver allt að fjórðungi ársins í New York til að vera stödd mitt í hringiðu street dansins og bera straumana heim. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK








LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS OPIÐ MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16



Dans Brynju Péturs hefur undanfarin ár sett upp stóra og glæsilega danssýningu á Menningarnótt. Hér má sjá dansfjölskylduna sem tók þátt í nýafstaðinni Menningarnótt.

Framhald af forsíðu ➪

Ég dvel í New York tvo til fjóra mánuði á ári til að dansa og drekkja mér í menningunni þar sem hiphop-dansinn verður til. Sú tenging er rauði þráðurinn í skólanum okkar því bæði erum við beintengd því sem er að gerast í rót senunnar og til Íslands hafa komið þeir allra bestu; frumkvöðlar dansstílanna, og kennt í skólanum. Allt hefur það sett mark sitt á dansarana okkar sem búa alltaf að því að hafa endalaust rennerí af þessum street dans risum á Íslandi,“ segir dansarinn og danskennarinn Brynja Péturs sem byrjaði að kenna dans árið 2004.

„Ég byrjaði að kenna því mig dauðlangaði í hiphop-tíma hér heima en fann enga,“ segir Brynja sem sló fljótt í gegn hjá hiphop-þyrstum ungmennum íslensku þjóðarinnar.

„Námskeiðin voru vinsæl og árið 2012 stofnaði ég dansskólann Dans Brynju Péturs, bætti við fleiri staðsetningum, kennurum og aldurshópum. Með því fékk dansskólinn markvissari umgjörð og við bættust fastir viðburðir, eins og tvær nemendasýningar á ári og danskeppnin Street Dans Einvígið, sem er eina danskeppni sinnar tegundar á Íslandi og opin öllum street dönsurum á framhaldsstigi. Það fyllir nemendur tilhlökkun og gefur þeim markmið til að stefna að,“ segir Brynja.

## Dansarar settir í forgrunn

Dansskóli Brynju Péturs hefur í gegnum árin verið áberandi í menningu landsmanna. Má þar nefna sjónvarpsþáttaröð Lóu Pind, Battlað í borginni, sem sýndi hvernig dansararnir undirbjuggu sig fyrir danskeppnina.

„Við erum í frábæru samstarfi við Reykjavíkurborg og tökum árvisst þátt í opnun Barnamenningarhátíðar í Eldborg,“ segir Brynja. „Á ári hverju setjum við einnig upp stóra sýningu á Menningarnótt ásamt fleiri skemmtilegum viðburðum. Okkar frábæru bakhjarlar, Adidas og Coca-Cola, gera okkur kleift að setja upp viðburði og gefa bæði danshópunum og duglegum nemendum veglegar fatagjafir. Dugnaðarverðlaun Adidas eru gefin þremur einstaklingum eftir hverja önn, þar sem þeir fá 25 þúsund króna inneign á adidas.is. Coca-Cola gerir okkur svo kleift að auglýsa og kemur okkur í miðla sem annars væru mér ekki innan handar. Báðir aðilar hafa staðið þétt við bakið á okkur í gegnum árin og ég er þakklát fyrir það.“



TheSuperKidsClub XL er yngsti hópurinn úr stórfjölskyldu Dans Brynju Péturs sem sýnir dans á Menningarnótt.

> **Við erum stolt af því að hafa byggt upp heilu kynslóðirnar af meðvituðum og klárum dönsurum. Sá grunnur gefur danssamfélaginu öllu næringu.**

## Íslenskir street dansarar vekja athygli erlendis

Street dans er regnhlífarhugtak yfir street dansstílana sem margir eru með vinsælustu dansstílum síðustu ára.

„Street dans hefur heltekið poppkúltúr samtímans til fleiri ára,“ segir Brynja sem byggir skólann á áratuga reynslu, mikilli ástríðu og þekkingu á dansmenningunni, sem og metnaði fyrir því að kenna bæði uppbyggjandi danstíma og réttan dansgrunn.

Í dansskólanum eru kenndir street dansstílarnir hiphop, dancehall, waacking, house, top rock og popping. Líka er hægt að sækja tíma í heels performance og urban flow og choreo.

„Við leggjum mikla áherslu á við nemendur okkar að þeir kynni sér dansstílana, menninguna, orðaforðann og tæknina sem þarf að tileinka sér til að framkvæma dansinn rétt. Dansarar sem kafa ofan í fjölbreytta dansstíla græða mikið á því og það sést best á dönsurunum okkar sem vinna til verðlauna og vekja athygli hvert sem þeir fara,“ segir Brynja en sem dæmi rökuðu þau inn verðlaunum á alþjóðlegri danskeppni í Portúgal í sumar þar sem 6.000 dansarar frá 60 löndum tóku þátt.

„Þau komu heim með eitt gull, tvö silfur og tvö brons – allt fyrir dansa sem þau sömdu sjálf,“ upplýsir Brynja stolt.

## Með her af hæfileikafólki

Gæði dansnáms skiptir máli, segir Brynja.

„Við erum stolt af því að hafa byggt upp heilu kynslóðirnar af meðvituðum og klárum dönsurum. Sá grunnur gefur danssamfélaginu öllu næringu og með réttri þekkingu er hægt að byggja upp sterka danssenu,“ útskýrir Brynja.

„Í dag stend ég uppi með heilan her af ótrúlegum manneskjum og yfirburða hæfileikaríkum dönsurum sem sanna á hverjum degi hvað baráttan var mikilvæg. Þau elska umhverfið sem dansinn gefur og lyfta fjöllum í danskennslu, utanumhaldi og almennu peppi en brillera einnig sjálf í sinni list, semja og útfæra heilu atriðin og myndbönd af þvílíkri fágun og óumdeildri snilligáfu. Þau hafa líka fengið öll þau tæki og tól sem þarf til að nálgast dansinn af dýpt. Það er efniviðurinn sem gerir þetta allt raunverulegt og gefur okkur eitthvað til að byggja á,“ segir Brynja.

Aðalatriðið sé ekki að komast í sýningarhóp heldur að setja tíma í það sem einstaklingnum þykir skemmtilegt að gera.

„Það að þú finnir gleðina með sjálfum þér skiptir öllu máli. Þetta snýst ekki bara um dans heldur líka samvinnu, félagslegan þroska og eitthvert mesta lykilatriðið sem dansnám okkar snýst um er að styrkja sjálfsmynd hvers og eins sem kemur í tíma,“ segir Brynja.

## Tækifæri fyrir dansáhugafólk

Markmið Brynju með dansskólanum er að skapa skemmtilegan veruleika fyrir dansara á Íslandi sem þeir geta þrifist í á öllum aldri, með viðburðum sem setja þeim markmið og einnig atvinnumöguleikum í kennslu og sýningum.

„Samheldni og samstaða er mikil. Á nemendasýningum ríkir mikill kærleikur, allir aldurshópar hanga saman og allir eru brosandi og sælir. Gleðin sem starfið veitir þeim sem sækja tíma og taka þátt í sýningum er algjör enda er okkar helsta markmið að búa til umhverfi þar sem nemendur okkar geta hist og gert skemmtilega hluti saman.“

## Tækifærin eru líka mörg hjá Dans Brynju Péturs

„Sumir taka þátt í þeim öllum; aðrir að hluta til og öðrum þykir einfaldlega gott að vita af okkur og hafa gaman af því að fylgjast með. Það skiptir máli að við erum að viðhalda danslist á Íslandi, upphefja dansmenningu og búa til eitthvað áþreifanlegt og ógleymanlegt saman. Tilvera okkar væri fátæklegri ef við hefðum ekki þennan street dansheim sem við höfum skapað saman. Nú eru nemendur mínir komnir á allan aldur og ég farin að stara á fólk sem er mér vaxið yfir höfuð og komið yfir tvítugt en ég þrjóskast enn við að kalla þau krútt. Ég má það líka alveg og þau þurfa bara að lifa með því,“ segir Brynja og skellir upp úr.

„Öllum er velkomið að sækja ókeypis prufutíma í næstu viku, 9. til 14. september en haustönnin okkar spannar 12 vikur og við erum aðilar að öllum frístundastyrkjum,“ segir Brynja.

Kennt er hópum frá 5 ára og upp í 25 ára plús á ellefu stöðvum:

- Breiðholt – ÍR-heimilið og Miðberg
- Laugardalur – Laugardalshöll og Reebok Fitness í Holtagörðum
- Árbær – Fylkissel
- Kópavogur – Listdansskóli Plié
- Garðabær – Sjálandsskóli
- Hafnarfjörður – Íþróttahúsið við Strandgötu og Reebok Fitness á Tjarnarvöllum
- Grafarvogur – Íþróttahúsið Dalhúsum
- Seltjarnarnes – Grótta

Stundaskrá og allar upplýsingar um dansnámið er að finna á brynjapeturs.is. Mælt er með skráningu því einhverjir hópar fyllast fljótt í prufuvikunni. Einnig fá 15 ára og eldri tilboð í Reebok Fitness: 3 mánaða kort kostar 9.900 fyrir þau sem skrá sig á haustönn.

# Skrifstofan

FÖSTUDAGUR 6. SEPTEMBER 2019

**Kynningar:** Hirzlan, Múlalundur, Penninn, Skrifstofuleiga

## Einn besti skrifstofustóllinn fyrir bakveika

Hirzlan Skrifstofuhúsgögn er þessa dagana með sérstakt tilboðsverð á hinum rómuðu Wagner skrifstofustólum, þeim einu sem eru með Dondola® 360° veltihreyfingu á setu. Hreyfingin léttir álag á bak og styrkir það. ➜2



**Hirzlan Skrifstofuhúsgögn býður upp á glæsilegt úrval af vönduðum og fallegum húsgögnum fyrir allar þarfir skrifstofunnar, þar á meðal Wagner skrifstofustólana.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Hirzlan er leiðandi í sölu rafmagnsborða á góðu verði. Síðustu árin hafa gæði rafmagnsborða aukist til muna og verðið lækkað.**



**Það skiptir miklu að hafa vinnuaðstöðu sem er bæði þægileg og heilsusamleg.**



**Hirzlan veitir framúrskarandi þjónustu og er með öll húsgögn sem þarf fyrir skrifstofuna, fundarsalinn, ráðstefnusalinn, skólastofuna og fleira.**



**Halldór Ingi Stefánsson er sölustjóri Hirzlunnar.**

**Framhald af forsíðu ➪**

Hirzlan er ört stækkandi fyrirtæki á sviði skrifstofuhúsgagna og starfsfólk Hirzlunnar kappkostar að veita framúrskarandi þjónustu í hvívetna. „Hirzlan er með öll þau húsgögn sem þú þarft fyrir skrifstofuna, fundarsalinn, ráðstefnusalinn, skólastofuna og áfram mætti telja,“ segir Halldór Ingi Stefánsson, sölustjóri Hirzlunnar.

„Undanfarna áratugi hafa ýmis stoðkerfavandamál orðið sífellt algengari hjá skrifstofufólki, enda er vitað að of mikil kyrrseta er skaðleg heilsunni,“ segir Halldór Ingi. „Mjög margir sitja stóran hluta dags í vinnu sinni sem fer ekki sérstaklega vel með bakið. En með síbreytilegri vinnuaðstöðu má koma í veg fyrir sum þessara einkenna og það getur hjálpað þeim sem nú þegar stríða við eymsli og þreytu í baki.

„360° Dondola veltitæknin, sem þú finnur bara hjá okkur í stólunum frá þýska gæðamerkinu Wagner, getur verið lykilþáttur í bættri bakheilsu,“ segir hann. „Það er tíu ára ábyrgð á þeim og sérfræðingar á borð við sjúkraþjálfa og kírópraktora hafa mælt með þessum stólum, þar sem seta og bak hreyfast með líkama notandans.“

Halldór Ingi bætir við að eftir stórt og ítarlegt útboð Landspítalans fyrir nýja skrifstofubyggingu skoruðu umræddir stólar 100 stig af 100 mögulegum í gæðamati og voru þeir valdir fyrir alla 250 starfsmenn skrifstofunnar.

Hirzlan býður upp á mjög gott úrval af skrifborðsstólum svo allir ættu að geta fundið sér stól við hæfi. „Einnig er hægt að sérpanta stóla með þeim litum og áklæði sem viðskiptavinurinn óskar sér,“ segir Halldór Ingi.

## Skrifborð skipta miklu máli

„Það er ekki bara stóllinn sem þarf að vera í lagi til að fá almennilega vinnuaðstöðu,“ segir Halldór Ingi, „heldur þurfa skrifborðin að vera það líka.

Hirzlan er orðin leiðandi í sölu rafmagnsborða á góðu verði,“ segir Halldór Ingi. „Síðustu árin hafa gæði rafmagnsborða aukist til muna og verðið lækkað. Við reynum alltaf að eiga margar lausnir á lager og fyrir vikið er biðtími eftir rafmagnsborði oftast enginn.

Hvort sem þú vilt lítið eða stórt skrifborð, beint eða í horn, breitt eða mjótt, ódýrt eða dýrt, gott eða betra; þá eigum við lausnina,“ segir Halldór Ingi. „Öll okkar rafmagnsborð fást nú með minnisstýringu sem staðalbúnað og við trúum því að það eitt stuðli að enn frekari notkun.“

## Persónuleg ráðgjöf og sanngjörn verð

„Sumir vilja breyta og bæta smám saman, á meðan aðrir skipta út öllu til að endurnýja eða eru að opna nýja skrifstofu,“ segir Halldór Ingi. „Í öllum tilvikum veitum við hverjum og einum persónulega ráðgjöf og bjóðum sanngjörn verð.“

Sýningarsalur Hirzlunnar er í Síðumúla 37. Það er opið mán-fim 9 til 18, föstudaga 9 til 17 og alla laugardaga 12 til 16.






**Wagner bjargaði bakinu**

Skrifstofustólarnir frá Wagner hafa heldur betur slegið í gegn, enda hafa fjölmargir fagaðilar og einstaklingar mælt sérstaklega með þessum frábæru stólunum. Ólafur Gunnar Guðlaugsson barnabókahöfundur er einn þeirra.

„Ég hef unnið sem grafískur hönnuður, barnabókahöfundur og teiknari í nærri 30 ár. Eins og gefur að skilja er ekki mikil hreyfing við svona störf og ég sit nánast allan daginn við mína iðju. Það er auðvitað dauði og djöfull fyrir krónískt bakveikan mann. Í tugi ára hafði morgunrútínan mín verið að liðka um klemmdu taugina í mjóbakinu, koma mér úr vinkilstöðu í lóðrétta. Sem sagt óþolandi og viðvarandi ástand sem var nóg til að æra óstöðugan.



Síðan kynntist ég Wagner stólunum með 360 gráðu Dondola veltitækninni. Málið er að ef þér tekst að halda hryggsúlunni á stöðugri hreyfingu þá stífnar hún síður og festist. Vinnuveitandi minn fjárfesti í Ergomedic 100-3, og viti menn, eftir eina viku voru öll mín bakvandamál algjörlega horfin! Það hljómar eins og lygasaga en mér hefur aldrei liðið betur í bakinu.“

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumaður auglýsinga:** **Arnar Magnússon**, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | **Veffang:** frettabladid.is

# Einfalt samfélagsverkefni

**Múlalundur vinnustofa SÍBS, sem er 60 ára í ár, býður fyrirtækjum og einstaklingum allt fyrir skrifstofuna og skapar um leið tækifæri fyrir fólk með skerta starfsorku til að leggja sitt af mörkum til atvinnulífsins. Vöruúrval og verð kemur þægilega á óvart.**

Múlalundur fagnar sextíu ára afmæli í ár. Þar fást allar almennar skrifstofuvörur á einum stað, pappír og ritföng og þar hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri. „Við segjum stundum að þetta sé einfaldasta samfélagsverkefnið, að panta skrifstofuvörur frá Múlalundi, sem hvort eð er þarf að kaupa, og fá þær sendar daginn eftir,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar, vinnustofu SÍBS.

Á Múlalundi starfa dugmiklir einstaklingar sem í kjölfar slyss eða heilsubrests hafa þurft að takast á við andlega eða líkamlega fötlun eða veikindi.

„Það er sannarlega ánægjulegt þegar fyrirtæki flétta samfélagsleg verkefni saman við eigin daglegan rekstur með því að kaupa skrifstofuvörurnar af Múlalundi. Með því fá þau gæðavörur og þjónustu sem aftur styður starfsfólk Múlalundar í að byggja upp sjálfstraust og þrótt með virkri þátttöku á vinnumarkaði. Fólki er enda mjög mikilvægt að fá að mæta til vinnu, eiga vinnufélaga og vera virkt í samfélaginu,“ segir Sigurður.

## Vinsæl vefverslun

Á heimasíðunni mulalundur.is er rekin stór og vinsæl vefverslun. „Þar geta viðskiptavinir valið úr glæsilegu úrvali skrifstofuvara, og bæði verð og úrval koma ánægjulega á óvart. Einfalt er að versla á netinu og við sendum vörurnar strax daginn eftir,“ upplýsir Sigurður. Fari pöntun yfir 16.000 krónur er frí heimsending um land allt en ef pantað er fyrir lægri upphæð er tekið lágt sendingargjald.

## Pennar, pappír og dagbækur

Múlalundur selur allt sem hugsast getur fyrir skrifstofuna. „Verðin hjá okkur eru vel samkeppnishæf og oftar en ekki erum við ódýrari en aðrir,“ upplýsir Sigurður. Hann segir misskilnings gæta um að Múlalundur selji einungis eigin framleiðsluvörur, svo sem möppur og plastvasa. „Við bjóðum líka upp á pappír, penna, töflutúss, löggiltan skjalapappír og allt mögulegt annað fyrir skrifstofuna. Þá er hægt að fá fjölbreytt úrval penna frá BIC, Milan, Pentel EnerGel og mörgum fleirum.“

Á haustin býður Múlalundur landsins mesta úrval af dagbókum. „Þeir sem vilja geta látið gylla eða þrykkja nöfn og fyrirtækjamerki í dagbækurnar og skapað með því vinnu í leiðinni,“ útskýrir Sigurður. „Margir kjósa að kaupa allar sínar skrifstofuvörur hjá Múlalundi og það styrkir okkur mikið í starfi, enda þarf ekki að fara lengra en á Múlalund eftir almennum skrifstofuvörum,“ segir Sigurður.



Nýlega hóf Múlalundur framleiðslu á endingargóðum glærum vösum úr 100% endurunnu efni.




Verslun Múlalundar býður upp á mikið úrval af skrifstofuvörum.



Sigurður segir starfsemina standa og falla með viðskiptavinunum.



Fyrirtæki sem skipta við Múlalund leggja mikilvægu samfélagsverkefni lið.



Egla-möppur hafa fyrir löngu fest sig í sessi í íslensku atvinnulífi.

> **Einfaldasta samfélagsverkefnið er að panta skrifstofuvöur frá Múlalundi, sem hvort eð er þarf að kaupa.**
>
> Sigurður Viktor Úlfarsson

## Röð og regla með Egla

Egla-bréfabindi og -möppur hafa fyrir löngu fest sig í sessi í íslensku atvinnulífi. „Hér innanhúss segjum við gjarnan: Röð og regla með Egla,“ segir Sigurður og brosir. „Við seljum líka tímaritabox þar sem kjölurinn lítur út eins og Egla-mappa og eru hugsuð fyrir skýrslur og gögn sem ekki er hægt að gata. Með þeim er snyrtilegt að horfa yfir hillur skrifstofunnar með allt í stíl,“ segir Sigurður. Fyrirtæki geyma gjarnan gögn í möppum um ákveðinn tíma en færa þau svo yfir í skjalakassa til að endurnýta möppurnar. „Við bjóðum vitaskuld upp á allar þessar lausnir og gott betur, en Egla og fleiri vörur Múlalundar fást beint frá Múlalundi sem og í öllum helstu ritfangaverslunum,“ segir Sigurður. Egla er íslenskt heiti og sækir uppruna sinn í Egils sögu Skallagrímssonar.

## Starfsmannaskírteini og innri markaðssetning

Múlalundur býður upp á barmmerki og hálsbönd fyrir starfsmannaskírteini, fundi og ráðstefnur. Þau eru ýmist framleidd af starfsfólki Múlalundar eða innflutt. „Í dag merkja sífellt fleiri fyrirtæki starfsfólk sitt og þá henta barmmerki og hálsbönd vel. Þau fást í fjölmörgum litum og eru búin sérstakri öryggislæsingu sem opnast sjálfkrafa ef rykkt er í böndin,“ útskýrir Sigurður.

Múlalundur framleiðir einnig músamottur sem eru vinsælar hjá fyrirtækjum til innri og ytri markaðssetningar.

„Á motturnar eru þá prentuð skilaboð til starfsmanna tengd verkferlum, gæðastöðlum, sameiginlegum markmiðum eða átaksverkefnum sem starfsmenn hafa svo við höndina í dagsins önn í orðsins fyllstu merkingu,“ segir Sigurður.

## „100% endurunninn“

Margar af vörum Múlalundar eru framleiddar úr plasti og leggur Sigurður áherslu á að fólk sé vandlátt þegar kemur að kaupum á plastvörum.

„Mikilvægt er að plastvörurnar uppfylli evrópska staðla um hreinleika, þær séu endingargóðar, sem mest endurunnar og framleiddar sem næst notkunarstað til að lágmarka skaðleg áhrif á umhverfið.“ Plastið sem Múlalundur nýtir í sína framleiðslu uppfyllir öll þessi skilyrði. Það er framleitt í Evrópu og skráð í evrópska gagnagrunna (REACH) sem tryggir gagnsæi innihaldsefna. „Plastið hefur evrópska vottun til notkunar við leikfangagerð þar sem er gert ráð fyrir að börn stingi því upp í sig. Það tryggir hreinleika og skaðlaust vinnuumhverfi starfsfólks og viðskiptavina,“ segir Sigurður.

Vörur Múlalundar hafa margsannað sig þegar kemur að góðri endingu. „Plastið sem Múlalundur nýtir er almennt 40 til 60 prósent endurunnið og nú bjóðum við líka upp á 0,18 mm plastvasa úr 100 prósent endurunnu efni. Ef leitað er að „100% endurunninn“ í vefverslun Múlalundar koma þessar vörur upp. Hreint, vottað plast, sem er að stórum hluta endurunnið, framleitt stutt frá notkunarstað, notað ár eftir ár og loks skilað aftur í endurvinnslu að notkun lokinni, er góður kostur fyrir umhverfið.“

## Öllum er mikilvægt að vinna

Múlalundur hefur frá árinu 1959 verið rekinn af SÍBS, með stuðningi Happdrættis SÍBS, og fagnar því eins og fyrr segir sextíu ára afmæli í ár. Frá því starfsemin hófst hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri og blómstrað á ný.

„Múlalundur stendur sjálfur undir stærstum hluta tekna sinna, sem er allt að því einsdæmi á vinnustofum fólks með skerta starfsorku. Hver einasta króna skiptir Múlalund máli og ávinningurinn er samfélagsins í heild, því saman hjálpum við fleirum sem glíma við skerta starfsorku að komast á vinnumarkað. Starfsemin stendur og fellur með viðskiptavinum okkar og í dag standa mörg fyrirtæki sig vel í að flétta daglega starfsemi saman við samfélagslega ábyrgð. Íslensk fyrirtæki hafa staðið með okkur í 60 ár. Með því vinna allir,“ segir Sigurður.

Á Múlalundi vinnustofu SÍBS er glæsileg verslun við Reykjalund í Mosfellsbæ. Sími 562 8500. Skoðið úrvalið á mulalundur.is.



Dönsku skrifstofuhúsgögnin frá Dencon njóta verðskuldaðra vinsælda í Pennanum enda framúrskarandi hönnun og þægindi þar sem skapað er jafnvægi á milli notagildis, fegurðar og forms.

# Heimsfræg hönnun sem fer vel með líkamann

Það er gaman að standsetja skrifstofuna með húsgögnum úr húsgagnaverslun Pennans. Þar er að finna hönnun heimsfrægra hönnuða sem höfðu heilsubót, umhverfisvernd og fagurt útlit í hávegum.

Við eru nýbúin að ná frábærum samningum við Vitra og getum þar af leiðandi boðið viðskiptavinum okkar ID Mesh-stólinn á 99.900 krónur, sem er geggjað verð fyrir svo frábæran stól," segir Guðrún Hrönn Jónsdóttir, vöru- og markaðsstjóri hjá Pennanum Húsgögn.

ID Mesh-stóllinn var hannaður af Ítalanum Antonio Citterio árið 2010 en endurhannaður árið 2016.

„ID Mesh er með öllum þeim stillingum sem nútíma notandi vill njóta í góðum skrifstofustól; dýptarstillanlegri setu, stillanlegum mjóhryggsstuðningi og samhæfðri stillingu setu og baks," útskýrir Guðrún Hrönn.

## Stóll eins og enginn annar

Meðal annarra gæðamuna á skrifstofuna í húsgagnaverslun Pennans er Aeron-stóllinn frá Herman Miller, hannaður af hönnunarteyminu Bill Stumpf og Don Chadwick árið 1994.

„Þeir Stumpf og Chadwick lögðu upp með að hanna stól sem væri heilsubætandi, umhverfisvænn og sniðinn eftir stærð einstaklingsins," upplýsir Guðrún Hrönn um Aeron-stólinn.

„Árið 2016 var þessi sögulegi stóll endurgerður og studdist Don Chadwick þá við nýjustu rannsóknir um stólsetur, sem og



Glæsilegt skrifstofurými með ID Mesh-stólum sem tryggja vellíðan starfsfólks. Stóllinn fæst nú á einstöku tilboði.



Ventilo-stóllinn er með allar helstu stillingar sem mæta nútíma kröfum og þægindum. Hér er hann við rafdrifið skrifborð frá Kinnarps.



Skrifstofuhúsgögn frá danska framleiðandanum Dencon fást í mörgum litum og setja stílhreinan svip á rýmin.



Guðrún Hrönn Jónsdóttir er vöru- og markaðsstjóri hjá Pennanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

framfarir í efnum, framleiðslu og tækni," útskýrir Guðrún Hrönn.

„Aeron er búinn til úr neti. Enginn svampur er í honum, efni eða leður. Stóllinn er því 91 prósent endurvinnanlegur, hleypir út líkamshita og fer vel með líkamann. Þess má geta að flestir aðrir skrifborðsstólaframleiðendur fóru í kjölfarið að nota net í sína stóla," segir Guðrún Hrönn um Areon-stólinn sem kemur í þremur stærðum: A, B og C.

## Notagildi, form og fegurð

Í Pennanum fást hin eftirsóttu Dencon-skrifstofuhúsgögn sem er hágæða dönsk hönnun sem framleidd er í Danmörku.

„Hjá Dencon er lögð áhersla á að skapa jafnvægi á milli notagildis, fegurðar og forms. Um er að ræða mjög fjölbreytilegar vörur úr gæðaefni og með góðu litaúrvali," segir Guðrún Hrönn um glæsilegar og litríkar danskar skrifstofumublur.

„Þegar kemur að efnisvali á borðplötur býður Dencon upp á linoleum-dúk. Það hefur verið sérstaklega vinsælt hjá okkur í dökkum litum þar sem dúkurinn er kámfrír og einstaklega slitsterkur. Efnið er líka náttúrulegt og hrindir frá sér bakteríum," segir Guðrún Hrönn um Dencon-borðin sem eru gæðaprófuð samkvæmt dönskum kröfum og evrópskum staðli.

## Borð sem eyða bakteríum

Frá Neodesign kemur Ventilo-stóllinn sem er frábær stóll sem hentar flestum notendum.

„Ventilo er með allar helstu stillingar sem mæta nútímakröfum og þægindum, eins og dýptarstillingu setu og mjóhryggsstuðning, mótstöðustillingu fyrir mismunandi þyngd og hæðarstillanlega arma," upplýsir Guðrún Hrönn um Ventilo sem nú er á tilboði í Pennanum á aðeins 56.900 krónur.

Önnur gæðavara á skrifstofuna úr húsgagnaverslun Pennans eru T-línuborð frá sænska framleiðandanum Kinnarps.

„Kinnarps-borðin eru spónlögð með eik eða beiki og fáanleg í nokkrum stærðum. Borðin eru rafdrifin með tveimur mótorum og er lyftigeta þeirra 100 kíló," segir Guðrún Hrönn um skrifborðin frá Kinnarps sem nú fást í Pennanum á einstöku verði í takmarkaðan tíma, eða einungis 69.900 krónur.

Skoðaðu úrvalið í Penninn Húsgögn, Skeifunni 10 eða á heimasíðu Pennans, penninn.is.





Þessi einstaki stóll, Aeron frá Herman Miller, braut blað í sögu og þróun skrifborðsstóla.



Það fer vel um alla á skrifstofunni með dönsku Dencon-húsgögnunum.



ID Mesh-stóllinn frá Vitra mætir öllum kröfum nútímamannsins. Hann er með dýptarstillanlegri setu, stillanlegum mjóhryggsstuðningi og samhæfðri stillingu setu og baks.

# Skilvirkar og sveigjanlegar lausnir fyrir metnaðarfull fyrirtæki

Fasteignakaupum fylgir mikil skuldbinding. Það getur verið tímafrekt og kostnaðarsamt að finna rétt húsnæði á viðráðanlegu verði. Skrifstofuleiga býður upp á hagkvæmar lausnir.

Skrifstofurýmin sem Skrifstofuleiga býður upp á eru í eigu heildsölufyrirtækisins Parlogis en síðasta sumar var ákveðið að nýta húsnæði sem stóð autt.

„Skrifstofuhúsnæðið var vannýtt svo þeir ákváðu að fara þessa leið, að leigja út einstök rými í stað þess að reyna að finna einn leigjanda sem myndi leigja allt saman,“ útskýrir Svanur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Skrifstofuleigu.

Kostirnir við að leigja skrifstofuhúsnæði eru ótal margir en þjónustunni sem Skrifstofuleiga býður upp á fylgir mikið frelsi og sveigjanleiki.



Leiga á skrifstofuhúsnæði sparar bæði tíma og pening.



Skrifstofurýmin eru kjörin fyrir frumkvöðlafyrirtæki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Allt klappað og klárt

Vel skipulagt vinnuumhverfi er gríðarlega mikilvægt í öllum rekstri en það getur tekið umtalsverðan tíma að koma upp vinnuaðstöðu frá grunni. Þá er mikilvægt að bjóða viðskiptavinum upp á faglegt og þægilegt andrúmsloft. Vinnuaðstaðan sem Skrifstofuleiga býður upp á er fullbúin og einfaldar því verulega alla starfsemi og gerir viðskiptavinum kleift að hámarka afköst og auka skilvirkni.



Svanur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Skrifstofuleigu.

Svanur segir að rýmin sem þau bjóði upp á séu kjörin fyrir aðila sem vilja spara bæði tíma og peninga. Viðskiptavinir þurfi ekki að hafa áhyggjur af viðhaldi, pappírsvinnu eða öðru umstangi sem fylgir umsjón fasteigna og geti þannig einblínt á það sem skiptir máli, að koma fyrirtækjum á laggirnar og byggja upp reksturinn, í ró og næði.

## Fyrsta flokks þjónusta

Þó að húsnæðið sé staðsett á besta stað er það þó fjarri ringulreiðinni sem fylgir gjarnan eftirsóttum svæðum. Þá þurfa viðskiptavinir ekki að hafa áhyggjur af bílastæðum sem er kærkomið í amstri dagsins.

„Við með mjög gott aðgengi að bílastæðum og það er ekkert öngþveiti, hvorki að komast hingað til eða frá okkur og næg bílastæði og gott næði er hámarkslúxus, það er allt innifalið í þjónustunni,“ segir Svanur.

## Þjónustunni fylgi mikið frelsi

„Við bjóðum okkar viðskiptavinum upp á fulla þjónustu, með aðgang að þrifum, neti, kaffiaðstöðu og öllu því sem menn þurfa,“ segir hann. Eina sem þarf er í rauninni bara að mæta á svæðið og draga hendur fram úr ermum. „Þeir geta bara labbað hér inn og sest við tölvuna sína, tengst við netið og byrjað að vinna,“ segir Svanur, léttur í bragði. „Það getur allt verið tilbúið bara innan klukkutíma.“

## Kjörið fyrir fumkvöðlastarf

Svanur segir að rými af þessu tagi litlum fyrirtækjum afar vel.

„Það er þörf á svona rýmum fyrir lítil fyrirtæki og einstaklinga sem eru að stíga sín fyrstu skref í frumkvöðlastarfi,“ segir hann.

## Viðskiptavinahópurinn er fjölbreyttur

„Við erum með fyrirtæki sem eru í ferðaþjónustu, fyrirtæki í nýsköpun innan raforkugeirans, netþjónustufyrirtæki,“ segir Svanur.

Skrifstofuleiga er í Skútuvogi 3, 3. hæð, gengið inn Barkarvogsmegin. Áhugasamir geta kíkt á heimasíðuna, skrifstofuleiga.is, þar sem hægt er að bóka skoðanir og heimsóknir eða haft samband í síma 893-5055.

# Á fleygiferð inn í framtíðina

Sif Einarsdóttir, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte og stjórnarkona í FLE, Félagi löggiltra endurskoðenda, segir starfið hafa breyst mikið undanfarin ár og sérhæfingu orðna meiri en áður fyrr.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Áður fyrr voru endurskoðunarskrifstofur fullar af pappír. Skrifstofa hins dæmigerða endurskoðanda einkenndist af miklum blaðastöflum og möppum og einnig var mikið af möppum í hillum upp við veggi. Ef maður horfir á gamanmyndir þar sem endurskoðendur koma við sögu þá er þetta myndin sem maður sér. Það er karlmaður með gleraugu að vinna umkringdur pappír og möppum,“ segir Sif.

„Nú til dags fer nánast öll endurskoðun fram rafrænt. Endurskoðunarfyrirtækin eru mörg hluti af alþjóðlegum endurskoðunarfyrirtækjum, eins og hjá Deloitte, og við notum sérstök gæðakerfi til að vinna vinnuna. Smærri endurskoðunarfyrirtæki fá líka faglegan stuðning frá Félagi löggiltra endurskoðenda til að geta notað gæðahugbúnað. Við erum því raunverulega ekki með neinn pappír lengur.“

## Aukin aðgangsstýring

Önnur stór breyting er aukin aðgangsstýring á gögnum. Endurskoðendur vinna með trúnaðargögn. Með aukinni tölvuvæðingu innan greinarinnar er hægt að skilgreina niður á einstaklinga hverjir hafa aðgang að gögnum fyrir ákveðin verkefni og ákveðin fyrirtæki.



Sif Einarsdóttir segir starfið fjölbreytt og skemmtilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Þegar endurskoðunarvinnu lýkur og búið er að gefa út áritun á reikningsskilin, þarf að loka skránni varanlega fyrir viðkomandi verkefni. Þá er tekið afrit og eftir það er ekki hægt að breyta neinu,“ segir Sif.

„Með nútímaframförum í upplýsingatækni hefur það aukist að gera greiningar á öllum færslum í stað þess að taka úrtak. Dæmi um greiningar á færslum er til dæmis þegar farið er yfir reikningsskil og reynt að útiloka að sviksemi hafi átt sér stað.“

## Sjálfvirknivæðing mun aukast með róbótum

Sif segir að ein af nýjustu breytingunum á starfi endurskoðandans tengist sjálfvirknivæðingu ferla, t.d. með svokölluðum róbótum. Horft er á að sjálfvirknivæðing muni aukast í framtíðinni en Deloitte notar hana einkum við bókhald og afstemmingar. „Það að nota róbóta í afstemmingarnar þýðir að hægt er að ná yfir stærra mengi gagna og gefa einnig á sama tíma mun áreiðanlegri niðurstöður.“ Hún telur þó að endurskoðendur þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að verða óþarfir með aukinni sjálfvirknivæðingu. „Það þarf alltaf þetta mannlega auga til að skipuleggja vinnuna út frá faglegu mati og leggja mat á niðurstöður.“

Áður fyrr þurftu endurskoðendur alltaf að hafa djúpa og almenna þekkingu á öllu sem viðvék endurskoðun, reikningsskilum og skattamálum. En Sif segir að í dag séu þeir orðnir mun sérhæfðari og með djúpa þekkingu á ákveðnu sviði. „Endurskoðunarfyrirtækin í dag eru flóknari og sérhæfðari. Þau hafa mörg komið sér upp fjármálaráðgjafardeildum, skatta- og lögfræðideildum, deildum sem sérhæfa sig í innra eftirliti og innri endurskoðun, bókhaldsdeildum og ráðgjafardeildum, meðal annars á sviði upplýsingatækni.

Deildin sem ég starfa í er með sérhæfingu sem styður við endurskoðunarvinnuna meðal annars í tengslum við upplýsingatækni. Ég veiti ráðgjöf í innra eftirliti, áhættustýringu og stjórnarháttum en sé í dag ekkert um að árita reikningsskil,“ segir Sif.

## Sérhæfingin spennandi

Sif nefnir að endurskoðendur þurfi að fylgjast vel með nýjum lögum og öðrum ytri kröfum og hafa eftirlit með því að fyrirtækin fylgi þeim. Endurskoðunarfyrirtækin hafa því sérhæft sig í til dæmis löggjöf um jafnlaunavottun, um varnir gegn peningaþvætti og vörnum gegn netógnum.

„Aukin eftirspurn eftir sérhæfingu veldur því að starfsfólk endurskoðunarfyrirtækja sérhæfir sig gjarnan á ákveðnu sviði. En það er spennandi fyrir þá sem vilja læra endurskoðun. Það er gaman að fá að sérhæfa sig og kafa djúpt í hlutina.“

Sif leggur áherslu á að starf endurskoðandans sé alls ekki þurrt og leiðinlegt eins og er stundum sýnt í gamanmyndum. „Starfinu fylgja spennandi og skemmtileg verkefni og möguleiki á góðum launum. Það er mikið um erlend tengsl og samskipti hjá alþjóðlegu endurskoðunarfyrirtækjunum og þau eru mjög skemmtileg og gefandi. Við hjá FLE viljum hvetja fólk til að fara í námið og stefna á löggildingu sem endurskoðandi.“

# Glæsileg íslensk hönnun og smíði á skrifstofuna



**Flex skrifstofuhúsgögn**
Hönnuðir:
Guðrún Margrét Ólafsdóttir
og Oddgeir Þórðarson

Fyrir Á. Guðmundsson starfa íslenskir, vel menntaðir arkitektar sem hafa þróað húsgögn og hönnunargripi sem skapa notalegt andrúmsloft. Hver hlutur ber einkenni klassískrar hönnunar en er einnig fallegur smíðisgripur sem er þægilegt að nota og sómir sér vel á skrifstofunni.







**Dímon**
Hönnuður:
Erla Sólveig Óskarsdóttir

**Á. GUÐMUNDSSON EHF.**
STOFNAÐ 1956

Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur
sími 510 7300

www.ag.is
ag@ag.is



Jeff Bezos, forstjóri Amazon og ríkasti maður heims. NORDICPHOTOS/AFP

## Fimm merki um að í þér búi forstjóri

Suma dreymir um að ná einhvern tímann á toppinn og verða forstjóri, en vita ekki hvort þeir hafi burði til þess. Hér eru nokkur merki um að þú gætir orðið góður forstjóri.

**Þú þorir að taka áhættu:** Forstjórar þurfa að halda jafnvægi innan fyrirtækis en þeir þurfa líka stundum að taka áhættu til að bæta stöðu þess. Það er mikilvægt að geta tekið skynsamlega áhættu.

**Góð samskiptahæfni:** Góð samskipti eru hornsteinn þess að vera leiðtogi. Það er mikilvægt að geta byggt upp sambönd við fólk og hvatt það til dáða, ásamt því að skapa góðan anda.

**Tilfinningagreind:** Það skiptir máli að vera ákveðin(n) sem forstjóri, en líka hugulsamur. Tilfinningagreind hjálpar við að taka tillit til annarra í ákvarðanatöku, byggja upp traust og auðvelda samskipti.

**Þú forðast ekki áskoranir:** Það getur flýtt fyrir framanum ef þú sækist í faglegar áskoranir og sigrast á þeim, til dæmis með því að bjóða þig fram í verkefni, auka við menntunina eða jafnvel sinna sjálfboðavinnu þar sem þú færð leiðtogahlutverk.

**Þú hugsar fram í tímann:** Góður forstjóri þarf ekki bara að fylgjast vel með til að geta nýtt tækifæri heldur þarf hann líka að geta skapað raunverulega aðgerðaáætlun til að hrinda hugmyndum í framkvæmd.

## Fimm ráð sem auka afköst

Huga þarf að ýmsu þegar kemur að skipulagningu vinnurýmis. Hér eru nokkur ráð sem koma sér vel og hjálpa til við að auka einbeitingu og hámarka afköst.

1. Það er mikilvægt að gæta þess að það safnist ekki upp óþarfa dót á skrifborðinu. Því minna drasl, þeim mun meira pláss fyrir nýjar hugsanir.
2. Litir geta haft mikil áhrif á hugarfarið. Blár og grænn þykja hafa róandi áhrif en rauður eykur einbeitingu.
3. Nálægð við plöntur er talin geta dregið úr streitu, ekki síst í gluggalausu rými.
4. Það getur verið yfirþyrmandi að byrja á nýjum verkefnum. Því er mikilvægt að tileinka sér það að forgangsraða.
5. Kyrrseta er ekki bara slæm fyrir líkamsstöðu og einbeitingu heldur er hún beinlínis talin skaðleg heilsunni. Það er því bókstaflega lífsnauðsynlegt að standa upp reglulega og koma blóðflæðinu af stað.

# Hávaði á skrifstofunni

Góð hljóðvist í vinnurými er mjög mikilvæg til þess að fólki líði vel í vinnunni. Auk þess hefur sýnt sig að góð hljóðvist eykur afköst og bætir heilsufar og samskipti á vinnustað. Til að bæta hljóðvist þarf að huga að innréttingum og efnisvali í rýminu sem um ræðir. Til að draga úr hávaða og bergmáli er gott að velja húsgögn úr efnum sem soga í sig hljóðin. Gólfteppi og gardínur hjálpa einnig til við að draga úr hljóðmengun og gott er að velja efni sem dempa vel hljóðin. Plöntur henta einnig mjög vel til að dempa hljóð. Því stærri plöntur því betri hljóðdempun. Yfirmenn fyrirtækja ættu að hafa þetta í huga vilji þeir ánægt starfsfólk og aukin afköst. Það er öllum í hag.

**Góð hljóðvist er mikilvæg. Hún eykur afköst og bætir heilsufar og samskipti á vinnustað.**



Teppi og plöntur minnka bergmál. NORDICPHOTOS/GETTY

Loksins færðu stuðning í vinnunni

sedus
Knoll
epal

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

Quarterback frá Sedus
með færanlegri setu
og mjóbaksstuðningi.

Epalverð:
64.900.-





Chadwick frá Knoll
sameinar falleg form
og hámarksþægindi

Epalverð:
89.800.-

HÖNNUÐUR: DON CHADWICK







# BIOTHERM MÆLIR MEÐ

## BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT KREM OG SERUM




Líffræðingar Biotherm hafa fangað lífskraft dýrmæts rauðs sjávarþörungs í einstaka formúlu. Eftir því sem við eldumst fækkar collagen og elastin þráðum húðarinnar verulega. Blue Therapy Red Algae Uplift krem og serum hafa sjáanleg yngjandi og styrkjandi áhrif á húðina: Útlínur andlitsins verða skýrari, húðin mýkri, stinnari og með meiri ljóma

## BLUE THERAPY MULTI-DEFENDER SPF 25




Viltu vernda húðina fyrir utanaðkomandi áreitum og öldrun?

Multi-Defender kremin vinna gegn sjáanlegum öldrunareinkennum og gefa vörn gegn UVB geislum, löngu UVA geislunum og mengun.

Húðin verður þéttari, stinnari, nærðari og fær jafnari áferð.

## BLUE THERAPY CREAM-IN-OIL




Viltu samstundis mýkt og næringu?

Uppbyggjandi virkni „sea sugar" og viðgerðareiginleikar olía af náttúrulegum uppruna í fersku kremgeli sem bráðnar inn í húðina. Kremið vinnur hratt gegn sjáanlegum öldrunareinkennum.

Á aðeins 2 vikum endurheimtir jafnvel þurr húð sjáanlega mýkt, þéttleika og ljóma.

## BLUE THERAPY EYE-OPENING SERUM




Fyrstu merki öldrunar myndast umhverfis augun.

Þetta endurnýjandi augnserum vinnur gegn hrukkum og dökkum baugum. Dregur verulega úr þrota og þungum augnpokum. Einstök formúla, sem einnig STYRKIR og ÞÉTTIR augnhárin. NÝ tvöföld tækni með BURSTA fyrir augnhárin og STÁLKÚLU fyrir augnsvæðið. Hentar einnig fyrir þá sem nota linsur.

Einnig til augnkrem í línunni.

# Vissu ekkert um Svartfjallaland

Anna Leif Elídóttir flutti til Svartfjallalands í byrjun júlí. Hún er nú stödd á Íslandi en myndlistarsýning með verkum hennar verður opnuð í dag á byggðasafninu á Akranesi.



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is


Manninum mínum bauðst starf í álveri í eitt ár í Svartfjallalandi. Hann sér um þjálfun á starfsfólki í tveimur nýjum steypuskálum ásamt ferlagreiningu fyrir íslenskt fyrirtæki sem heitir Algenius Corporation sem þar starfar. Við fengum bæði leyfi frá störfum í ár og ákváðum að drífa okkur,“ segir Anna Leif. Hún segir yndislegt að vera í Svartfjallalandi, fólkið sérlega vingjarnlegt og hjálpsamt og auðvelt fyrir hana að sinna sínum hugðarefnum þar úti.

„Við vissum ekkert um Svartfjallaland áður en við ákváðum að koma hingað,“ segir Anna Leif en hún var stödd úti þegar blaðamaður náði tali af henni. „Maður heyrir um Svartfjallaland í Eurovision en annars heyrir maður aldrei talað um það. Sumir héldu að ég væri að fara til Svartaskógar,“ segir Anna Leif hlæjandi.

„En það er yndislegt að vera hér. Það versta er veðrið. Það hefur verið mjög heitt í sumar og oft ekki hægt að vera úti. Við búum í höfuðborginni Podgorica sem er eiginlega heitasti staður landsins, þó landið sé ekki mjög stórt. Það er tæpir 14.000 ferkílómetrar eða aðeins minna en tveir Vatnajöklar,“ útskýrir Anna Leif.

## Hitinn eins og óveður

„Það er gríðarlegur munur að búa við ströndina, hér inni í miðju landi eða uppi í fjöllunum. Við erum búin að keyra um landið nánast þvert og endilangt og við förum upp í fjöllin yfir helgi um daginn. Þar var miklu kaldara og þægilegra loftslag. Hitinn þar fór alveg niður fyrir 20 gráðurnar en hann hefur verið í kringum 40 gráðurnar hér í borginni.“

Anna Leif líkir hitanum við óveður heima á Íslandi. „Heima hleypur maður í skjól við húsin út af rokinu. Hér hleypur maður í skjól við húsin til að komast í skugga.“

Anna Leif segir að veðrið á kvöldin sé mun skaplegra og fólk því mikið úti á kvöldin. „Mér sýnist búðir yfirleitt vera opnar snemma á morgnana og svo á kvöldin af því fólk fer ekki út um miðjan daginn. Það er líkamsræktarstöð í næstu blokk við okkur og hún er opin frá 8-12 og aftur frá 17-22.“

Þar sem Svartfjallaland er hvorki í Evrópusambandinu né Schengen er ekki hlaupið að því fyrir Íslendinga að fá atvinnuleyfi þar. Anna Leif ákvað því að nýta tímann úti og sinna sjálfri sér, jóga og myndlistinni. En hún lærði myndlist bæði í Myndlistarskóla Reykjavíkur og Listaháskóla Íslands þaðan sem hún lauk BA-gráðu í myndlist árið 2005 en hún lauk einnig kennsluréttindum í myndlist árið 2007 og MA í menningarstjórnun árið 2010. Hún hefur einnig tvisvar tekið jógakennaranám.



Á sýningunni eru málverk sem Anna Leif málaði í Svartfjallalandi.



**Anna Leif plastaði vegg í stofunni hjá sér til að geta málað.**



Anna Leif er náttúruunnandi og segir náttúruna í Svartfjallalandi ægifagra.

## Náttúran ægifögur

„Dagurinn hér er þannig að það er svo heitt þegar ég vakna á morgnana að ég þarf að kveikja á loftkælingunni. Ef ég geri það ekki þá er ég með opið út á svalir og hitinn inni er svona 30 gráður. Ég stend og það drýpur af mér svitinn þegar ég mála og hlusta á Rás 2 á meðan,“ segir Anna Leif.

„Ég bjó til aðstöðu fyrir mig í stofunni til að geta málað. Ég plastaði stofuvegg. Verkin á sýningunni á Akranesi eru verk sem ég málaði hér úti, akrýl á pappír, unnin í nánd við ægifagra náttúru Svartfjallalands sem er mikill innblástur. Þau eru frekar græn. Ég hef aldrei gert svona græn verk áður. Það helgast bara af því hvað allt er gróið og vaxið hér úti uppi til 2.000 metranna.“

„Ég stunda jóga og íhugun og nota náttúruna til að slaka og tengjast upprunanum með göngum og æfingum. Myndirnar eru málaðar út frá ljósmyndum, út frá minni og út frá hughrifum. Þær eru því líkar og ólíkar í senn.“

Anna Leif segir að flóran í Svartfjallalandi sé ríkust af tegundum í allri Evrópu. „Við höfum þvælst upp í fjallstopp og niður í fjöru og það er alveg yndislegt að sjá náttúruna hér. Við förum um daginn í 2.200 metra hæð með skíðalyftu sem er opin á sumrin fyrir ferðafólk. Það er hægt að fara í gönguferðir uppi í fjöllunum. Þar könnuðumst við við okkur. Þar þekktum við gróðurinn. Það var svolítið eins og að koma heim.“

Eins og áður segir verður opnuð sýning á verkum Önnu Leifar í dag. Opnunin er milli klukkan 17.00 og 19.00. Á morgun og sunnudaginn er sýningin svo opin frá klukkan 10.00 til 17.00 en sýningin stendur aðeins yfir þessa einu helgi. Anna Leif hvetur fólk til að gera sér ferð upp á Akranes, athuga hvort Guðlaug sé opin, kíkja í vitann og skoða sýninguna.

# Húðvörur sem veita vellíðan

